

SKÍÐABLAÐIÐ

BLAÐ SKÍÐAFÉLAGS ÍSFIRÐINGA 2025



SKÍÐAVIKAN



SKÍÐAFÉLAG
ÍSFIRÐINGA





Fyrirtæki og fjárfestar velja Íslandsbanka



Gleðilega skíðaviku

Skíðabærinn og menningabærinn Ísafjörður er uppá sitt allra besta á páskum. Þetta vitum við og þetta vita gestirnir okkar líka, enda hefur bærinn fyllst í páskaviku svo áratugum skiptir. Ónotuð herbergi í húsum fyllast, og íbúagötur fyllast af bílum með skíðin á toppnum. Nú er daginn farið að lengja, sólin er komin hátt á loft og tíminn fyrir útveru er orðinn langur. Fyrir þau sem eru með valkvíða og geta ekki gert uppá milli komast bæði á gönguskíði á Seljalandsdal og svígs kíði á Tungudal sama daginn. Ná útrásinni úr báðum greinum. Æfingin og púlið á gönguskíðunum og fjörið og adrenalínið á svígs kíðunum.

Við Ísfirðingar búum vel að því að hafa skíðasvæðin í bakgarðinum. Hvort sem fólk stundar skíði til heilsubótar, ánægju eða afreks, þá gegna þau stórri og dýrmætari rullu í samfélaginu okkar. Skíðamenningin er djúp og rík á Ísafirði og fyrir 90 árum varð mikil vakning í skíðaiðkun á Ísafirði. Skíðafélagið varð 90 ára á síðasta ári og nú eru það Fossavatnsgangan og Skíðavikan sem fagna sínum 90 árum. Ég vil óska þeim til hamingju með stórafmælin og þakka fyrir öllum þeim sem koma að því að halda krafti í félaginu, Fossavatninu og Skíðavikunni í gegnum áratugina. Það er sérstaklega ánægjulegt að 90 árum eftir stofnun sé fjöldi krakka við æfingar og þéttur hópur foreldra og velunnara sem styðja við iðkendur og félagið.

Það að halda úti öflugum skíðastarfi er langt í frá sjálfgefið. Það krefst mikillar vinnu og seiglu að æfa, skipuleggja mót, halda utan um ferðalög, fjáröflun og annað tilfallandi. En það er oftast þannig að það sem kostar mikla fyrirhöfn gefur mest til baka. Afreksfólkið úr okkar röðum hefur staðið sig með eindæmum vel þennan vetur og við sendum þeim baráttukveðjur og hamingjuóskir með árangurinn.

Við í stjórn SFÍ viljum nýta tækifærið og þakka foreldrum, sjálfbóðaliðum og öðrum velunnurum kærlega fyrir dýrmætt framlag. Það er ykkar þátttaka og stuðningur sem heldur félaginu lifandi og öflugum.

Framundan er þétt páskadagskrá, sjáumst á Skíðaviku og hinni frábæru Rokkhátíð alþýðunnar Aldrei fór ég suður, betri sambýlinga á páskum gætum við ekki hugsað okkur

Ég óska öllum Ísfirðingum og gestum okkar gleðilegrar Skíðaviku.

Elena Dís Víðisdóttir
formaður Skíðafélags Ísfirðinga.



Skíðablaðið 2025

Útgefandi: Skíðafélag Ísfirðinga

Ritstjóri: Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir

Ritnefnd: Heimir Hansson, Jóhanna Oddsdóttir, Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, Gylfi Ólafsson, Arnheiður Steinþórsdóttir, Þórdís Lilja Jensdóttir.

Prófarkalestur: Þórdís Lilja Jensdóttir, Arnheiður Steinþórsdóttir,

Auglýsingar: Jóhanna Oddsdóttir.

Ljósmynd á forsiðu: Ágúst Atlason

Prentun: Prentmet ehf.

Forsíðumyndin frá Gústi Productions er tekin á bikarmóti SKÍ sem haldið var í Tungudal 23.-25. mars 2024 og sýnir brot af öflugum sjálfbóðaliðum félagsins.

Ljósmyndir: Greinarhöfundar, Ljósmyndasafn Ísafjarðar, ritnefnd o.fl.

Stjórn SFÍ:

Elena Dís Víðisdóttir, formaður
Ásgerður Þorleifsdóttir, gjaldkeri.
Jóhanna Fylkisdóttir, meðstjórnandi
Jóna Dagbjört Pétursdóttir, varaformaður
Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, ritari
Heimasíða: www.snjor.is



SKÍÐAVIKAN

www.skidavikan.is



Tryggjum ánægðustu viðskiptavinina

Sjóvá hefur verið efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni 8 ár í röð



Íslenska ánægjuvugin mælir og verðlaunar þau fyrirtæki sem skara fram úr í ánægju á sínum markaði

Sjóvá | sjova.is | 440 2000 | sjova@sjova.is

SJÓVÁ

Tannbursti, kaffistofunasl og gúmmískór í sumarbústað

Skíðafélags sem orðatiltæki

Arnheiður Steinþórsdóttir

Flestir lesendur Skíðablaðsins kannast eflaust við söguna um skíðafélagstannburstann.

Þó er rétt að rifja hana upp áður en lengra er haldið. Sumarið 1961 tóku þeir Samúel Gústafsson og Magnús Aspelund, þá formaður Skíðafélagsins, það að sér að mála skíðaskálann Skíðaheima á Seljalandsdal. Þangað fóru þeir iðulega eftir vinnu til að mála og dytta að en einn daginn dróst málningarvinnan á langinn svo þeir ákváðu að gista í skálanum. Um morguninn kom Magnús að Samúel þar sem hann stóð að tannbursta sig með tannbursta Magnúsar. Honum brá við og spurði: „Heyrðu, ertu að bursta þig með tannburstanum mínum?“ Samúel svaraði þá: „Hvað? Ég hélt þetta væri skíðafélagstannburstinn.“ Svo héldu þeir bara áfram að mála.

Þessi stutta frásögn byggist á nýlegu samtali okkar Samúels. Sagan hefur þó birst víða og í allskyns útfærslum, meðal annars í fyrsta bindi ritraðarinnar *Vestfirskar þjóðsögur* eftir Gísla Hjartarson. Það má með sannri segja að sagan um skíðafélags-tannburstann sé orðin að þjóðsögu. Hún lifir hið minnsta góðu lífi í dag líkt og góðri þjóðsögu sæmir. Tannburstinn hefur þó tekið á sig nýjar myndir þar sem *skíðafélags* á gjarnan við um það sem er sameiginlegt og öllum frjálst að nota í hinum ýmsu aðstæðum. Það sem eitt sinn var aðeins túlkað sem eign Skíðafélagsins, svo sem skíðabúnaður ýmiss konar, getur nú þýtt svo ótal margt. *Skíðafélags* getur nefnilega verið smjördolla á kaffistofu, sameiginleg tölva á vinnustað, gúmmískór í sumar-bústað og svo lengi mætti telja.

Könnunin

En hversu útbreitt er þetta orðatiltæki í dag? Finnst það víðar en á meðal Ísfirðinga? Hvar hefur fólk einna helst komist í kynni við *skíðafélags* og þekkir fólk upprunasöguna um tannburstann? Til þess að leita svara við þessum spurningum var könnun varpað á alnetið. Könnunin fór ansi víða en henni svöruðu alls 554 manns á sex dögum, frá 27. febrúar til 4. mars 2025. Dreifingin fór nær

eingöngu fram á Facebook, því takmarkast úrtakið við notendur miðilsins og algrímið sem þar ræður ríkjum. Könnuninni var þó deilt 33 sinnum, þar á meðal í þeim fjölmennu hópum Ísafjörður og Ísfirðingar (7628 meðlimir í mars 2025) og Málspjall (11.009 meðlimir í mars 2025). Af svarendum könnunarinnar voru flestir (29%) á aldrinum 31–40 ára og fæstir undir 20 ára (1%). Meiri hluti þeirra voru konur eða 76%, karlar voru 24%.


Útbreiðsla

Til þess að fá hugmynd um útbreiðsluna var nauðsynlegt að fá upplýsingar um búsetu. Í

upphafi könnunarinnar var því óskað eftir nokkuð nákvæmum svörum; fólk var beðið um að skrifa hvaðan það væri og hvar það byggði. Lykilspurning könnunarinnar kom svo í kjölfarið og var eftirfarandi: Hefur þú heyrt *skíðafélags* notað yfir það sem er sameiginlegt og öllum frjáls aðgangur að? Af svarendunum 554 voru 416 (75%) sem sögðu já og 138 (25%) sem sögðu nei.

Á mynd 1 gefur að líta hvernig svörin skiptast eftir tengingu við Ísafjörð og hvort um sé að ræða brottflutta, aðflutta og svo framvegis. Rétt er að setja þann

Nær allir með tengingu við Ísafjörð þekkja orðið



■ Mynd 1. Heildarfjöldi svara: 554. Já: 416. Nei: 138.


Svör bárust meðal annars frá Þýskalandi, Danmörku, London, New York og Minneapolis

fyrirvara á að undir liðnum „ekki búið á Ísafirði“ geta verið einstaklingar sem hafa búið á Ísafirði í lengri eða skemmri tíma þó þeir búi þar ekki í dag og eigi ekki rætur þangað að rekja.

Eins og við var að búast er meirihluti svarenda með beina tengingu til Ísafjarðar (60%), ýmist með rætur þangað að rekja, búa þar í dag eða bæði. Flest þeirra þekkja *skíðafélags* í merkingunni sem um ræðir. Af þeim sem ekki hafa augljósar tengingar til bæjarins eru ívið færri sem þekkja til orðatiltækisins. Útbreiðslan er því væntanlega mest á meðal þeirra sem hafa tengingar vestur á Ísafjörð. Ítarlegri mynd af útbreiðslunni má svo sjá á mynd 2.


Það sem þessi mynd segir okkur einna helst er hve víða *skíðafélags* hefur teygt anga sína í gegnum tíðina. Vissulega eru flestir sem þekkja til búsettir á Ísafirði og má leiða líkum að því að þar eigi útbreiðslan sér einna helst stað. Á höfuðborgarsvæðinu er þó talsverður fjöldi sem þekkir *skíðafélags* og nokkrir í öðrum landshlutum, þar af flest á Norðurlandi (Dalvík einna helst) en 13 manns þar búsettir svöruðu könnuninni játandi. Skíðafélags teygir anga sína einnig út fyrir landsteinana því jákvæð svör bárust meðal

Þekking á *skíðafélags* út frá búsetu í dag




Mynd 2. Heildarfjöldi svara: 554.

Hefur þú tekið þátt í að kynna *skíðafélags* fyrir fólki?



Mynd 3. Heildarfjöldi svara: 358. Já: 274. Nei: 84.

Þekkir þú upprunasöguna?



Mynd 4. Heildarfjöldi svara: 363. Já: 221. Nei: 142. Ath. á myndum 3 og 4 eru einungis um að ræða svör frá þeim sem þekkja til *skíðafélags* orðatiltækisins.

annars frá Þýskalandi, Danmörku, London, New York og Minneapolis.

Frá manni til manns


Ef litid er á svör þeirra sem sögðust þekkja til orðatiltækisins er hægt að átta sig betur á því hvers vegna *skíðafélags* lifir enn góðu lífi. Orðtak af þessum toga breiðist ekki út af sjálfu sér. Merking fer manna á milli, meðvitað og ómeðvitað, í hinum ýmsu aðstæðum. Einn svarandi búsettur í Reykjavík en með fjölskyldutengsl til Ísafjarðar segist vera „að reyna að innleiða [*skíðafélags*] á vinnustaðnum, ráðgjafafyrirtæki, gengur frekar hægt, en sígandi samt“. Annar segist nota og breiða orðið út „hvert sem ég kem,“ í matarboði, heimsókn og bústað svo eitthvað sé nefnt. Spurt var hvort fólk hefði kynnt *skíðafélags* fyrir öðrum og niðurstaðan er afgerandi jákvæð eins og sjá má á mynd 3.

Það er þó ekki þar með sagt að allir sem þekkja, nota og breiða út orðið *skíðafélags* í þessari merkingu kannist við söguna um tannburstann. Um það var sérstaklega spurt líkt og sjá má á mynd 4.

Það sem meira er þá voru 78 manns sem svöruðu spurningunni á mynd 3 játandi en spurningunni á mynd 4 neitandi, s.s. nota og dreifa orðatiltækinu án þess að þekkja söguna um tannburstann. Þetta sýnir fyrst og fremst hvernig *skíðafélags* hefur öðlast sjálfstætt líf og er ekki endilega bundið tannburstanum í dag. Vissulega þekkir þó meirihlutinn upprunasöguna og margir kynntust *skíðafélags* beinlínis út af sögunni fráegu. Hugsanlega verður þessi grein til þess að rétta hlutfallið örlítið.

„Kakan í kaffinu er *skíðafélags*“

En hvar á útbreiðslan sér einna helst stað? Óskað var eftir svörum um það hvar fólk heyrði *skíðafélags* í fyrsta sinn í þessari merkingu. Algengasta svarið var ýmist „man það ekki“ eða „alltaf þekkt þetta“ sem sýnir hversu




■ Símjúkur *skíðafélagssmjörvi* á kaffistofu Grunnskólans á Ísafirði. Mynd: Elín Sveinsdóttir.

rótgróið orðatiltækið er. Á mynd 5 má sjá hvar fólk hefur kynnt *skíðafélags* einna helst.

Undir „annarsstaðar“ komu 47

fjölbreytt svör. Þar má meðal annars nefna hjá skátunum, í kórferðalagi í Danmörku, á skíðapingi, í heitum potti, í

Hvar heyrðir þú *skíðafélags* fyrst?



■ Mynd 5. Heildarfjöldi svara: 355.



■ Allskonar skíðafélags. Mynd: Aðalheiður Jóhannsdóttir.

„Ég skildi ekki hvers vegna Skíðafélagið væri að styrkja vinnustaðinn um smjör og ost“

skíðaskálanum á Ísafirði þar sem skíðafélagstannbursti var eitt sinn innrammaður, í ljóðinu *Tannbursti skíðafélagsins* eftir Anton Helga Jónsson, í partýi, björgunarsveit og svo lengi mætti telja.

Í kjölfar þessarar spurningar var óskað eftir því að fólk skýrði betur frá því þegar það heyrði

skíðafélags fyrst. Þegar rýnt er í svörin kemur í ljós að margir heyrðu söguna um tannburstann fyrir löngu síðan og kynntust orðatiltækinu þannig. Ýmist er vísað beint í söguna eða bara „gamlan brandara frá Ísafirði.“ Ekki voru öll svörin þó staðbundin Ísafirði. Einn svarenda heyrði þetta fyrst í bústað á Mýrunum fyrir 30 árum, annar kynntist þessu á bókasafninu í Sólheimum í Reykjavík, en þar er karfa á kaffistofunni merkt *skíðafélags*. „Örugglega 1959 í Borgmundardal“, nánar tiltekið í heitum potti kom fram í svari Dalvíkings.

Kaffistofutengingin er einnig sterk og má ætla, miðað við svörin, að þar fari útbreiðslan einna helst fram, enda rúmlega 70 manns sem sögðust fyrst hafa heyrt þetta á vinnustað. Ef ekki á Ísafirði þá sennilega ef Ísafirðingur starfar á vinnu-

staðnum: „Þegar vinnufélagi vildi vita hvort eitthvað væri í einkaeign eða allir mættu nota,“ sagði í einu svari og „þegar ég fór að vinna hér á Ísafirði og það var tyggjópoki á borðinu og ég spurði hver ætti þá kom svarið: þetta er *skíðafélags*“ í öðru. Nokkrir sögðu að á kaffistofu í Grunnskólanum á Ísafirði sé *skíðafélagssmjör* og á kaffistofum eru einnig dollur, hillur í ísskápum og fleira sem merkt eru *skíðafélags*. „Ég skildi ekki hvers vegna Skíðafélagið væri að styrkja vinnustaðinn um smjör og ost“ kom fram í einu svari.

Skíðafélags getur þó verið meira en matur eða sameiginleg hilla í ísskáp á vinnustað. Það getur verið peysa á heimilinu sem allir mega nota, gleraugu á vinnustað, tannbursti, balli af klaka með öli í partýum eða bara „almennt hugtak“ eins og einn svarenda orðaði það. Sumir snúa

Þessu við og nota *skíðafélags* fyrst og fremst í kaldhæðni yfir það sem ekki má deila. Eins og tannburstinn var í raun og veru, út frá sjónarhorni Magnúsar að minnsta kosti. En í hugum flestra er *skíðafélags* „eitthvað sem allir mega nota, fá, njóta“ eins og einn svarenda orðaði svo vel. Því eru í raun engin takmörk sett hvað fellur þar undir en kjarninn er vilji mannsins til að deila með sér, að skapa aðstæður þar sem sumt er allra og þá er ekki amalegt að eiga eftirminnlegt orð sem skýrir mörkin á milli þess aðgengilega og óaðgengilega, einka og almenna.

Niðurstöður

Ljóst er að skíðafélags-tannburstinn lifir góðu lífi en hann hefur tekið á sig nýjar myndir. Að kannast við söguna um tannburstann er ekki forsenda þess að þekkja, nota og breiða *skíðafélags* út í dag. Ein forsenda þess að fólk komist í kynni við *skíðafélags* í þessari merkingu virðist vera það að hafa tengingu til Ísafjarðar eða þekkja – og helst starfa með – Ísfirðingum. Útbreiðslan á sér að

miklu leyti stað á kaffistofum vinnustaða, þar eru hlutir jafnvel merktir *skíðafélags* svo ekki fari á milli mála hvað teljist almannaeign.

Könnunin sem hér hefur verið til umfjöllunar var vissulega takmörkunum háð. Hún var aðeins uppi í nokkra daga og dreifingin átti sér eingöngu stað á Facebook. Svörin stóðu þó ekki á sér og út frá þeim má draga ýmsan fróðleik líkt og hér hefur verið gerð heiðarleg atлага að. Í þessari grein er þó aðeins lagður grunnur sem vel er hægt að byggja á og hvetur greinahöfundur áhugasama lesendur til að taka viðfangsefnið lengra og geri ítarlega rannsókn á notkun og merkingu *skíðafélags* í dag. Þar má einnig fara út í málfræðilega greiningu á þessu orði, sem hefur öðlast afl til að standa sjálfstætt þó það sé í raun stýfður forliður samsetts orðs og sem slíkur í eignarfalli. Bakkalárritgerðir hafa verið skrifaðar um óverðugri viðfangsefni.

Tannbursti skíðafélagsins

Við sátum á sögulegum fundi og ræddum stöðu ljóðsins: Gamall kennari, þurrkað skáld, unglingur úr menntaskóla og auðvitað ég.

Ljóðið er ekki fyrir alla. Ljóðið er fyrir allan heiminn. Ljóðið er bara fyrir útvalda. Ljóðið er ekkert einkamáli.

Þá komst þú yfir að borðinu og hafðir ekki séð mig lengi. Enginn bauð þér að setjast. Enginn nema þú sjálfur bauð þér að taka þátt í umræðum.

Þú sagðir frá nýlegri ferð inn á Seljalandsdal og frá manni sem gæti hafa heitið Bernóðus eða Sigurgísli. Þú sagðir í það minnsta frá manni sem var að vestan eins og þú.

Eitt kvöldið stóðuð þið tveir inni á snyrtingu í skálanum og burstuðuð tennur. Inn kemur sá þriðji.

Sá svipast um og leitar hátt og lágt en snýr sér loks að vininum hvað sem hann nú hét snýr sér að honum með viðbjóði:

Tókstu tannburstann minn?

Svarið lét ekki á sér standa innan úr tannkremsfroðunni: Fyrirgefðu! Ég hélt þetta væri tannbursti skíðafélagsins.

Þannig svaraði Bernóðus eða Sigurgísli eða hvað hann nú hét. Þannig svaraði maður sem er að vestan eins og þú. Ég hélt þetta væri tannbursti skíðafélagsins.

Allir vita hvað er tannbursti. Allir vita hvað er skíðafélag. Allir vita hvað er ljóð.

Þótt ljóð sé ekki öllum ætlað þá gerir það líka sitt gagn.

Ljóðið er tannbursti skíðafélagsins. Ljóðið er tannbursti skíðafélagsins. Ljóðið er tannbursti skíðafélagsins.

Anton Helgi Jónsson



■ Skíðafélagstölva. Mynd: Dagný Finnbjörnsdóttir.

ÞJÁLFAVARAR

SKÍÐAFÉLAGS ÍSFIÐINGA VETURINN 2024-2025

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir

ALPAÞJÁLFAVARAR

RANNVEIG HJALTADÓTTIR

Hvaða flokka ert þú að þjálfva og hversu oft eru æfingar?

Ég er yfirþjálfari alpagreina og kem því að þjálfun allra flokkanna okkar. Annars sé ég að mestu um Svarta hópinn sem er fyrir elstu krakkana. Ég þjálfva samtals 7 æfingar á viku.

Hvar ert þú fædd og uppalin og hvar byrjaði þín skíðaiðkun?

Er fædd og uppalin á Ísafirði og lærði því að skíða þar.

Hefur þú þjálfað áður og þá hvar?

Þjálfaði einn vetur fyrir sunnan hjá Hengli.

Er skíðaiðkun mikið stunduð í þinni fjölskyldu?

Við erum mikil skíðafjölskylda, þannig ég var sett á skíði tveggja ára. Ég býð svo spennt eftir því að setja litla strákinn minn á skíði næsta vetur og halda hefðinni áfram.

Hvert er upphalds skíðanestið?

Skinkuhornin hennar mömmu og sírópslengjurnar hennar Stínu.

Ef þú hefur val um öll heimsins skíðasvæði, hvar myndirðu helst vilja skíða?

Það væri draumur að taka góðan púðurdag á skíðasvæði í Japan. Annars væri gaman að skíða niður keppnisbakkann í Cortina.



REGÍNA SIF RÚNARSDÓTTIR

Hvaða flokka ert þú að þjálfva og hversu oft eru æfingar?

Ég er að þjálfva 1. – 4. bekk (Íþróttaskólann).

Hvar ert þú fædd og uppalin og hvar byrjaði þín skíðaiðkun?

Ég er fædd og uppalin á Ísafirði og skíðaiðkunin byrjaði líka þar.

Hefur þú þjálfað áður og þá hvar?

Nei, hef bara þjálfað fyrir SFÍ. Þjálfaði fyrsta veturinn minn 2018 og hef verið að þjálfva með hléum síðan.

Er skíðaiðkun mikið stunduð í þinni fjölskyldu?

Já, allir í minni fjölskyldu eru með skíðaveiruna.

Hvert er upphalds skíðanestið?

Giffnar og heitt súkkulaði.

Ef þú hefur val um öll heimsins skíðasvæði, hvar myndirðu helst vilja skíða?

Upphalds skíðasvæðið mitt á Íslandi er í Oddskarði en erlendis myndi ég segja Áre í Svíþjóð.



INGIBJÖRG HEBA

Hvaða flokka ert þú að þjálfva og hversu oft eru æfingar?

Ég þjálfva Gulur 2 sem er hluti af yngstu iðkendunum.

Hvar ert þú fædd og uppalin og hvar byrjaði þín skíðaiðkun?

Ég er fædd og uppalin á Ísafirði, ég byrjaði að æfa skíði á Ísafirði.

Hefur þú þjálfað áður og þá hvar?

Já hjá SFÍ síðustu 2 ár.

Er skíðaiðkun mikið stunduð í þinni fjölskyldu?

Já. Annars eru börnin meira a bretti.

Hvert er upphalds skíðanestið?

Heitt kakó og brauð með kæfu.

Ef þú hefur val um öll heimsins skíðasvæði, hvar myndirðu helst vilja skíða?

Úff erfið spurning! Mig langar að prufa sem flest.



HANNA ÞÓREY BJÖRNSDÓTTIR

Hvaða flokka ert þú að þjálfra og hversu oft eru æfingar?

Ég er að þjálfra Bláa og Gula hópa. Blái hópur er þrisvar sinnum í viku og Guli hópur er tvisvar sinnum í viku en þeim er skipt í tvo hópa.

Hvar ert þú fædd og uppalin og hvar byrjaði þín skíðaiðkun?

Ég er fædd og uppalin á Ísafirði og þar byrjaði einnig minn skíðaferill.

Hefur þú þjálfað áður og þá hvar?

Já ég var að þjálfra hjá SFÍ og HSV veturna 2018-2020 og var svo sumarið 2019 í Bandaríkjunum að aðstoða sem

þjálfari í sumarskíðabúðum fyrir stelpur á MT. Hood í Oregon.

Er skíðaiðkun mikið stunduð í þinni fjölskyldu?

Já ég myndi segja það, hefur alltaf verið og er ennþá.

Hvert er uppáhalds skíðanestið?

Það eru klárlega sýrópslengjurnar hennar mömmu.

Ef þú hefur val um öll heimsins skíðasvæði, hvar myndirðu helst vilja skíða?

Gæti alveg hugsað mér að prófa að skíða Hanakambinn í Kitzbuhel.



GUSTAV HVALKOF KRISTENSEN

Hvaða flokka ert þú að þjálfra og hversu oft eru æfingar?

Ég er að þjálfra Gulan 1 hópin sem æfir á miðvikudögum og laugardögum.

Hvar ert þú fæddur og uppalinn og hvar byrjaði þín skíðaiðkun?

Ég fæddist í Danmörku og fór fyrst á skíði í Noregi og Svíþjóð. Þegar ég var sex ára gamall flutti ég til Skotlands og hélt áfram að fara á skíði þar í skosku hálöndunum og svo líka í Frakklandi.

Hefur þú þjálfað áður og þá hvar?

Árið 2011 fór ég á þjálfaranámskeið í Noregi. Það var í Tryvann Ski Skole rétt hjá Osló, hef þjálfað og kennt af og til síðan.

Er skíðaiðkun mikið stunduð í þinni fjölskyldu?

Já fjölskyldan mín fer á skíði á hverju ári, oftast til Les Trois Vallees í Frakklandi.

Hvert er uppáhalds skíðanestið?

Það er beef jerky, heitt kaffi og Orangina appelsín.

Ef þú hefur val um öll heimsins skíðasvæði, hvar myndirðu helst vilja skíða?

Ég myndi velja Kanada. Þar er mikið af skíðaleiðum inn á milli trjáa og ég elska slíkar brautir. Það hefur lengi verið á mínum óskalista að skíða í Kanada.



SKÍÐAGÖNGUÞJÁLFARAR

SNORRI EYÞÓR EINARSSON

Hvaða flokka ert þú að þjálfra og hversu oft eru æfingar?

12 ára og eldri. Æfum 5 x í viku.

Hvar ertu fæddur og uppalinn og hvar byrjaði þín skíðaiðkun?

Fæddur í Hammerfest og alinn upp í Alta og seinna Tromsø. Var samt alltaf árlega á Íslandi, einu sinni eða tvisvar á ári. Skíðaáhuginn byrjaði bara með að keppa einu sinni í viku móti vinum mínum á innanfélagsmótum.

Hefur þú þjálfað áður og þá hvar?

Hef verið aðstoðarþjálfari hjá íslenska landsliðinu í skíðagöngu. Einnig þjálfað hjá Tromsø Skiklubb og NTG Tromsø. Bæði í Noregi.

Er skíðaiðkun mikið stunduð í þinni fjölskyldu?

Við reynum að fara á gönguskíði, svigskíði og bretti heima hjá okkur eins oft og við náum eiginlega. Þetta er allt svo gaman, svo ég væri alveg til í að hafa meiri tíma til að fara ennþá meira með fjölskyldunni.

Hvert er uppáhalds skíðanestið?

Kvikk lunsj.

Ef þú hefur val um öll heimsins skíðasvæði, hvar myndir þú helst vilja skíða?

Seiser Alm eða bara uppá Þverfjall á flottum vordegi með skarafæri og á skautaskíðum.



JÓNA LIND KRISTJÁNSDÓTTIR

Hvaða flokka ert þú að þjálfra og hversu oft eru æfingar?

Þjálfra skíðagöngu, börn í 1.-4. bekk í Íþróttaskóla Ísafjarðarbæjar/SFÍ.

Hvar ert þú fædd og uppalin og hvar byrjaði þín skíðaiðkun?

Fædd á Ísafirði, uppalin í Hnífsdal. Var mikið á svigskíðum sem barn bæði í Hnífsdal og á Seljalandsdal. Fór svo að stunda skíðagöngu þegar ég varð unglingur.

Hefur þú þjálfað áður og þá hvar?

Þegar ég bjó í Noregi með fjölskyldu minni 2010-2016 var ég aðstoðarþjálfari hjá ÖHIL, barna og unglingaflokkum í skíðagöngu.

Er skíðaiðkun mikið stunduð í þinni fjölskyldu?

Já ég mundi segja að við værum temmileg skíðafjölskylda, það eru allir sem stunda skíðagöngu og elska það.

Hvert er uppáhalds skíðanestið?

Kvikk lunsj súkkulaðið er klassík í langtúrum.

Ef þú hefðir val um öll heimsins skíðasvæði, hvar myndirðu helst vilja skíða?

Seljalandsdalurinn okkar er algjör paradís og frábært að skíða þar, annars er líka dásamlegt að skíða í Sjusjøen og Nordseter við Lillehammer í Noregi.



SARA BJÖRGVINSDÓTTIR

Hvaða flokka ert þú að þjálfra og hversu oft eru æfingar?

Gula hópinn á gönguskíðum, krakka í 1.-4. bekk, tvisvar í viku.

Hvar ert þú fædd og uppalin og hvar byrjaði þín skíðaiðkun?

Fædd og uppalin í Önundarfirði. Skíðaiðkunin byrjaði á túninu heima í sveitinni fjögurra ára og seinna meir á æfingum hjá SFÍ.

Hefur þú þjálfað áður og þá hvar?

Aldrei þjálfað áður.

Er skíðaiðkun mikið stunduð í þinni fjölskyldu?

Já mjög mikið, það flutti Norðmaður í

sveitina uppúr 1990 og startaði gönguskíða-æði hjá sveitungum. Eldri bræður mínir tveir æfðu og kepptu í mörg ár.

Hvert er uppáhalds skíðanestið?

Ekki mikið fyrir að borða á æfingum en gott að taka heitan drykk fyrir lengri göngur í kulda.

Ef þú hefðir val um öll heimsins skíðasvæði, hvar myndirðu helst vilja skíða?

Bara klassískt Lillehammer/Sjusjøen fyrir gönguna, væri alveg til í að kíkja aftur í hyttu-kósý með braut beint fyrir utan, en næsta ferð verður líklega til Les 3 Vallées í frönsku Ölpunum.



GUNNAR BJARNI GUÐMUNDSSON

Hvaða flokka ert þú að þjálfra og hversu oft eru æfingar?

Ég þjálfra Bláa hóp sem samanstendur af krökkum úr 4.-6. bekk. Við æfum þrisvar í viku.

Hvar ert þú fæddur og uppalinn og hvar byrjaði þín skíðaiðkun?

Fæddur og uppalinn á Ísafirði og steig mín fyrstu skref á Seljalandsdal.

Hefur þú þjálfað áður og þá hvar?

Hef verið viðloðandi þjálfun hjá SFÍ í þónokkur ár.

Er skíðaiðkun mikið stunduð í þinni fjölskyldu?

Já ég myndi svo sannarlega segja það enda fátt skemmtilegra en að vera á skíðum.

Hvert er uppáhalds skíðanestið?

Lillehammer-bollurnar hennar Ásu og Kvikk Ljuns.

Ef þú hefðir val um öll heimsins skíðasvæði, hvar myndir þú helst vilja skíða?

Ef ég væri að fara á svigskíði þá myndi ég stefna rakleiðis til Selva á Ítalíu. Skíðagöngutúrinn væri í Noregi, fátt sem toppar Sjusjøen. Hins vegar ef ég ætti að láta gamlan draum rætast þá færi ég í púðrið í Japan.



DAGNÝ EMMA KRISTINSDÓTTIR

Hvaða flokka ert þú að þjálfra og hversu oft eru æfingar?

Ég er að þjálfra gönguskíði 1.-3. bekk. Ég þjálfra einu sinni í viku.

Hvar ert þú fædd og uppalin og hvar byrjaði þín skíðaiðkun?

Ég er fædd og uppalin á Ísafirði, byrjaði á gönguskíðum þar.

Hefur þú þjálfað áður og þá hvar?

Ég þjálfaði sama flokk fyrir SFÍ í fyrra.

Er skíðaiðkun mikið stunduð í þinni fjölskyldu?

Fjölskyldan mín er mikið á skíðum.

Hvert er uppáhalds skíðanestið?

Heitt kakó, kex og suðusúkkulaði.

Ef þú hefur val um öll heimsins skíðasvæði, hvar myndir þú helst vilja skíða?

Ég myndi alltaf velja Seljalandsdal.



SNJÓBRETTAÞJÁLFARAR

TYLER WACKER

Hvaða flokka ert þú að þjálfra og hversu oft eru æfingar?

Ég er að þjálfra Gula og Svarta hópa. Guli hópur er á æfingum á þriðjudögum og laugardögum og Svarti hópur á fimmtudögum og laugardögum. Guli hópurinn er fyrir þá sem eru að byrja að æfa bretti en svarti fyrir þá sem eru lengra komin.

Hvar ert þú fæddur og uppalin og hvar byrjaði þín brettaiðkun?

Ég er fæddur í Texas, þar var reyndar enginn snjór. Svo ég ólst upp við að vera á hjólabretti og á wakeboard sem er bretti dregið af bát. Ég fór í fyrsta skipti á snjóbretti í nýju Mexíkó þegar ég var unglingur. Þegar ég varð eldri ferðaðist ég nokkuð oft til Colorado til að fara á bretti.

Hefur þú þjálfað áður og þá hvar?

Í lok síðasta vetrar kom ég inn í þjálfun hjá SFÍ sem brettaþjálfari. Það var mjög áhugavert að kynna þessu aðeins þá og mér fannst mjög skemmtilegt að geta þjálfað allt tímabilið þennan veturinn. Það

hefur sannarlega verið mjög gefandi og skemmtileg reynsla að vera brettaþjálfari hjá SFÍ.

Er skíðaiðkun mikið stunduð í þinni fjölskyldu?

Í minni fjölskyldu er ekki mikið verið að fara á skíði eða snjóbretti en við höfum mjög gaman af sjóskíðum og wakeboard. Það reyndist vera góður undirbúningur fyrir mína snjóbrettaiðkun.

Hvert er uppáhalds skíðanestið?

Ég er alltaf með OAT KING í jakkanum mínum. Stundum finn ég slík stykki í hinum ýmsu yfirhöfnum og það kemur alltaf skemmtilega á óvart.

Ef þú hefur val um öll heimsins skíðasvæði, hvar myndir þú helst vilja skíða?

Mig langar til að fara til Japan, sem er frægt fyrir frábært þúður og prófa að renna mér í þúðrinu þar. Ég á vin sem býr í Niseko sem hefur í nokkur ár boðið mér að koma en ég hef því miður ekki haft tíma ennþá.



CASSIDY O'FLAHERTY

Hvaða flokka ert þú að þjálfra og hversu oft eru æfingar?

Ég er aðstoðarþjálfari á brettaæfingum. Krökkunum er skipt í tvo hópa, Gulan og Svartan og hvor hópur æfir tvisvar sinnum í viku.

Hvar ert þú fædd og uppalin og hvar byrjaði þín brettaiðkun?

Ég er frá Bresku Kólumbíu, Kanada. Þar er mikið af frábærum fjöllum með góðum snjó og þar lærði ég að vera á bretti.

Hefur þú þjálfað áður og þá hvar?

Þetta er í fyrsta skipti sem ég er að þjálfra svona hópa hjá félagi. Í Kanada var ég meira að kenna í einkatímum.

Er skíðaiðkun mikið stunduð í þinni fjölskyldu?

Mín fjölskylda fer mikið á skíði og bretti. Við erum svo heppin að búa í grennd við svona frábær fjöll og skíðasvæði og þeir sem eru heima nýta sér það í hverri viku.

Hvert er uppáhalds skíðanestið?

Klassískt snakk er Cliff bar eða eitthvað annað próteinstykki! Ég elska nesti sem er fljótlegt að borða og heldur mér sadri lengi svo ég geti verið sem lengst að renna mér.

Ef þú hefur val um öll heimsins skíðasvæði, hvar myndir þú helst vilja skíða?

Mig langar mikið að halda áfram að kanna skíða- og brettaleiðir í Kanada, þar er um svo margt að velja. Einnig væri draumur að komast á snjóbretti í Japan!



TM

Sama hvar þú ert í


Lífinnu

þá viltu vera hjá TM

Hæfileikamótun alpagreina

Snø í Osló október 2024

Bríet Emma Freysdóttir



Hópur iðkenda, sem skipar hæfileikamótun alpagreina hjá Skíðasambandinu, fór í æfingaferð í skíðahúsið Snø í Osló dagana 5. – 11. október 2024.

Hópnum var skipt í tvennt, fyrri vikuna voru árgangar 2007 – 2008 og seinni vikuna voru árgangar 2009 – 2010. Frá Ísafirði vorum við þrjú sem fórum; Katrín Fjóra Alexíusdóttir Hagalín, Matthías Breki Birgisson og undirrituð Bríet Fjóra Freysdóttir. Við vorum öll í fyrri vikunni ásamt 20 öðrum krökkum af öllu landinu. Þjálfarar í ferðinni voru Fjalar Úlfarsson, Egill Ingi Jónsson og Guðmundur Sigurjónsson og fararstjóri var Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri SKÍ.

Við gistum á hóteli sem er sambyggt við skíðahúsið þannig að það var stutt að fara á skíði, bara labba út af herberginu og á skíðin. Í húsinu eru líka skíðaverslanir, veitingastaðir, góð prepp aðstaða og því var engin þörf á að fara út úr húsi.

Það var mikið æft, 10 æfingar á fimm dögum á skíðum og svo voru líka endurheimtar æfingar eftir skíðin. Við skíðuðum rúmar 2000 beygjur og 30 km frjálst og



■ Allur íslenski hópurinn

Þetta er meira en við yfirleitt náum að skíða allan janúar á Íslandi. Hinu megin við götuna er trampólíngarður sem við fengum að fara í sem endurheimt einn daginn sem var mjög skemmtilegt.

Aðstæðurnar í húsinu eru mjög góðar, eitt af því besta var að það þurfti aldrei að spá í veðrinu, það er alltaf alveg eins, -4 gráður, þurr loft og logn og vorum við klædd eins og við værum að fara á skíði á Ísafirði í mjög góðu veðri. Brekkan er 500

metra löng og fer eftir hvar þú ert hversu hart færið er. Í æfingabakkanum er mjög hart, eiginlega bara klaki og var það mjög krefjandi en við hliðina á æfingabakkanum var brekka þar sem færið var ekki eins hart og meira fyrir almenning. Inni í húsinu er líka gönguskíðabraut, brettapark, ísklifur og svæði þar sem hægt var að spila krullu.


Það er frábært að fá tækifæri til að æfa við þessar aðstæður og skíða með krökkum og þjálfurum annars staðar á landinu.



■ Það þarf að næra sig vel í svona æfingaferðum



■ Ísfirðingarnir þrír; Matthías Breki, Bríet Emma og Katrín Fjóra



■ Skíðahúsið Snø er mikið mannvirki

VIÐ FÆRUM ÞÉR ORKUNA

svo þú getir skapað ný tækifæri fyrir Vestfirðinga



ORKUBÚ VESTFJARÐA

Stakkanesi 1
400 Ísafirði

450 3211 orkubu@ov.is www.ov.is



ORKUBÚ VESTFJARÐA

VIÐTÖL VIÐ ÆFINGAKRAKKA

SIGRÍÐUR LÁRA GUNNLAUGSDÓTTIR



ERNA SÓL GUÐNADÓTTIR

Grein: Gönguskiði
Aldur: 8 ára
Hvernig skíði áttu? Madshus gönguskiði
Hversu lengi hefur þú æft hjá SFÍ? Tvö ár
Æfirðu aðrar íþróttir? Já fótbolta
Uppáhalds skiðanestið? Kókómjól og samloka með skinku og osti



SUNNA ADELÍA STEFÁNSDÓTTIR

Grein: Gönguskiði
Aldur: 12 ára
Hvernig skíði áttu? Ég á Madshus gönguskiði bæði fyrir hefðbundið og skaut og svo líka svigskíði og bretti
Hversu lengi hefur þú æft hjá SFÍ? Ég er búin að æfa í þrjú ár
Æfirðu aðrar íþróttir? Já ég æfi líka fótbolta
Uppáhalds skiðanestið? Banani og Oat King



HEIMIR LOGI SAMÚELSSON

Grein: Gönguskiði
Aldur: 15 ára
Hvernig skíði áttu? Ég á bæði Fisher og Madhaus skíði
Hversu lengi hefur þú æft hjá SFÍ? Ég hef æft frá sex ára aldri
Uppáhalds skiðanestið? Karamellu Oat King stykki




ÍSAR LOGI

Grein: Snjóbretti
Aldur: 14 á 15. ári
Hvernig bretti áttu? Ride benchwarmer
Hversu lengi hefur þú æft hjá SFÍ? 11 ár
Æfirðu aðrar íþróttir? Já körfubolta, fótbolta og fjallahjól
Uppáhalds skiðanestið? Kringla og kókómjól



FRIÐBERT ÓLI ANDERSEN

Grein: Snjóbretti
Aldur: 9 ára
Hvernig bretti áttu? Burton snjóbretti
Hversu lengi hefur þú æft hjá SFÍ? Tvo vetur
Æfirðu aðrar íþróttir? Nei
Uppáhalds skiðanestið? Samloka með skinku og osti og harðfiskur




ÞÓRDÍS KATLA KRISTJÁNSDÓTTIR

Grein: Snjóbretti
Aldur: 10 ára
Hvernig bretti áttu? Ég veit það ekki
Hvenær byrjaðir þú að æfa á snjóbretti? Í vetur
Æfirðu aðrar íþróttir? Já fótbolta
Uppáhalds matur? Takkó með hakki
Uppáhalds íþróttamaður? Messi og ég



ANNA MAGNEA RAFNSDÓTTIR

Grein: Snjóbretti
Aldur: 14 ára
Hvernig bretti áttu? Ég á Bataleon
Hversu lengi hefur þú æft hjá SFÍ? Síðan ég var sex ára
Æfirðu aðrar íþróttir? Já ég æfi líka blak
Uppáhalds skiðanestið? Það eru jarðarber og poppkex



SAMÚEL MÁNI SAMÚELSSON

Grein: Svigskíði
Aldur: 9 ára
Hvernig skíði áttu? Rossignol
Hversu lengi hefur þú æft hjá SFÍ? Ég byrjaði bara í janúar
Æfirðu aðrar íþróttir? Já, fótbolta
Uppáhalds skiðanestið? Maískökur




HAUKUR ELÍ PÁLSSON

Grein: Svigskíði
Aldur: 8 ára
Hvernig skíði áttu? Rauð Head skíði
Hversu lengi hefur þú æft hjá SFÍ? Í tvö ár
Æfirðu aðrar íþróttir? Já, ég æfi líka fótbolta
Uppáhalds skiðanestið? Heitt kakó og heimabakaðir pizzusnúðar



SIGURRÓS FREYJA BIRGISDÓTTIR

Grein: Svigskíði
Aldur: 11 ára
Hvernig skíði áttu? Rossignol Hero
Hversu lengi hefur þú æft hjá SFÍ? Frá því ég var 7 ára
Æfirðu aðrar íþróttir? Já, sund
Uppáhalds skiðanestið? Kex og skinkuhorn



SOLVEIG KENNEDY ZECH

Grein: Svigskíði og gönguskiði
Aldur: 8 ára
Hvernig skíði áttu? Ég á gönguskiði og svigskíði
Hversu lengi hefur þú æft hjá SFÍ? 3 ár
Æfirðu aðrar íþróttir? Já, ég æfi jiu-jitsu, sund og blak
Uppáhalds skiðanestið? Yum yum núðlur



KARL GÍSLI SMÁRÁSON

Grein: Svigskíði og gönguskiði
Aldur: 9 ára
Hvernig skíði áttu? Rossignol svigskíði og Rossignol gönguskiði
Hversu lengi hefur þú æft hjá SFÍ? Í fjögur ár, ég byrjaði þegar ég var sex ára
Æfirðu aðrar íþróttir? Já ég æfi fótbolta líka
Uppáhalds skiðanestið? Corny og heitt kakó



HM í skíðagöngu í Þrándheimi 2025

Ástmar Helgi Kristinsson og Dagur Benediktsson

Þrándheimur tók vel á móti okkur þegar við mættum á HM í skíðagöngu í febrúar 2025. Borgin, sem er þekkt fyrir sterka skíðamenningu, var iðandi af lífi og spennu þegar keppendur frá öllum heimshornum komu saman til að etja kappi á stærsta sviði vetrarins.

Fyrstu dagana var fínt veður með sól, en fljótlega tók við mikil rigning sem setti mótshaldarana í krefjandi stöðu. Brautirnar þurftu að salta til að halda þeim stöðugum og á köflum var bætt við snjó til að tryggja góð skilyrði fyrir keppendur.

Fyrir okkur var þetta mót stærsta markmið ársins. Við höfðum lagt óteljandi klukkustundir í æfingar, undirbúning og keppni til að vera í okkar besta standi fyrir HM – og sú vinna skilaði sér. Við náðum báðir bestu frammistöðum á okkar ferli á þessu stóra sviði og gátum verið stoltir af því hvernig við stóðum okkur í keppni við þá bestu í heiminum.

Ástmar keppti fyrst í undankeppni sem var 7,5 km hefðbundin ganga. Hann gerði sér lítið fyrir og vann sér inn miða í aðalkeppnirnar. Þar keppti hann í sprettgöngu, 10 km hefðbundinni göngu og svo í liðasprettinum með Degi.

Auk liðasprettisins keppti Dagur í

Að standa í startinu á heimsmeistaramóti er einstök tilfinning. Það er blanda af spennu, streitu og ólýsanlegri orku.



■ Dagur og Ástmar. Ef myndin prentast vel má sjá að fötin þeirra eru regnvot, en hlýindi og rigning settu mark sitt á mótið svo um munaði.



■ Íslenski keppendahópurinn allur saman kominn. Einar Árni, Hjalti, Dagur, Krístrún, Fróði og Ástmar.



■ Snorri Einarsson og Dagur á góðri stund. Þótt Snorri sé hættur að keppa á stórmótum var hann mættur til að vera íslenska hópnun til aðstoðar.



■ Ástmar og Vegard landsliðsþjálfari.



■ Keppni í sprettgöngu lokið. Dagur fer yfir málin með Ástmari og Einari Árna Gíslasyni, en Vegard landsliðsþjálfari er íbygginn á svip, líklega þegar farinn að hugsa um næstu keppni,



■ Dagur ásamt mönnum á bakvið tjöldin, þeim Esben Tøllefsen áburðarmeistara, Erlend Skippervik sjúkráþjálfara og skíðatestara og Vegard Karlstrøm landsliðsþjálfara.

30 þúsund áhorfendur hvern keppnisdag

fjórum greinum: sprettgöngu, 20 km skiptigöngu, 10 km hefðbundinni göngu og 50 km skautagöngu.

Keppnin var ógleymanleg, ekki síst vegna fjölda áhorfenda sem mættu á svæðið dag eftir dag. Að meðaltali voru um 30 þúsund áhorfendur hvern keppnisdag, sama hvernig veðrið var. Þeir gerðu upplifunina einstaka og eftirminnilega með hvatningu sinni og orku.

Þó að mótið og æfingar væru í aðalhlutverki þurftum við líka að finna leiðir til að slaka á og stytta okkur stundir. Kvöldin fóru oft í að spila HiLo og shuffleboard, sem gaf okkur bæði góða

tilbreytingu og smá keppni utan brautarinnar. Það var gaman að fá smá stemningu og hlátur í bland við alvarleika keppnanna.

Að standa í startinu á heimsmeistaramóti er einstök tilfinning. Það er blanda af spennu, streitu og ólýsanlegri orku. Að keppa í þessum aðstæðum, með þessa mögnuðu stemningu og stuðning, var ógleymanlegt.

Mótið gaf okkur dýrmæta reynslu og Brándheimur 2025 gleymist seint. Við tókum þessa reynslu með okkur í næstu skref á okkar íþróttuferli.



Þjónusta í heimabyggð

📞 456 3244 ✉️ eignir@fsv.is

www.fsv.is



Við stækkum fermingargjöfina

Fermingarbörn og jafnaldrar fá allt að **32.000 kr.** mótframlag og glaðning þegar þau spara hjá Landsbankanum.

Við erum betri saman



EYOF



EYOF 2025
BAKURIANI



Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar

Eypór Freyr Árnason

Ísfirðingurinn Eypór Freyr Árnason var valinn til að keppa fyrir Íslands hönd á Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF) dagana 8.-17. febrúar 2025.

Mótið fór fram í Bakuriani í Georgíu sem er ekki í alfaraleið íslenskra skíðamanna. Skíðablaðið fékk Eypór til að segja okkur frá því helsta sem á daga hans dreif í þessari löngu ferð.

Ferðin til Georgíu hófst í hádeginu 7. febrúar, við þurftum að taka þrjú flug og síðan tók við fjögurra tíma rútuferð. Í heildina tók þetta ferðalag um 24 tíma.

Bakuriana, skíðasvæðið þar sem leikarnir voru haldnir, er í um 1800 metra hæð yfir sjávarmáli. Leikarnir voru settir á sunnudagskvöldinu og fyrsta keppni hjá mér var á þriðjudegi. Það var



■ Íslenski hópurinn.



■ Skíðagönguhópurinn.

Heimferðin endaði í 34 tíma ferðalagi

7,5 km hefðbundin ganga, hún gekk ágætlega þar sem ég lenti í 54. sæti af 69 keppendum.



■ Smá hvíld í 1.800 metra hæð.



■ Eypór, til vinstri, í harðri keppni við Hjalta Böðvarsson.

Seinni göngur voru með frjálsri aðferð og voru það 10 km ganga og sprettganga. Á þessum tíma ferðarinnar var hæðin byrjuð að segja til sín með mjög þurru og þungu lofti þar sem hausverkur og kvef fylgdi með sem hafði áhrif.

Í gönguskiðahópnum voru sex keppendur en í heildina voru 16 keppendur frá Íslandi. Þorsteinn Hymer og Ólafur Th. Árnason voru þjálfarar/áburðarmenn gönguhópsins.

Ferðin var mjög góð og hópurinn skemmtilegur, þetta var mikil upplifun og fer í reynslubankann. Heimferðin gekk aðeins brösulega þar sem fyrsta flugi seinkaði og því misstum við af flugi tvö og þurftum að fara aðra leið heim, heimferðin endaði því í 34 tíma ferðalagi.

Inngangur að eðlisfræði snjósöfnunargirðinga

Magni Hreinn Jónsson

Fagstjóri ofanflóðahættumats hjá Veðurstofu Íslands

Snjósöfnunargirðingar eru notaðar víða um heim til þess að fanga snjó. Flestar rannsóknir og skrif um snjósöfnunargirðingar snúast um það verkefni að koma í veg fyrir að snjór safnist á óæskilega staði. Yfirleitt eru þetta upptakasvæði snjóflóða og vegir og vegstæði. Á Íslandi hafa tilraunagrindur verið settar upp á Brellum ofan Patreksfjarðar og Eyrarfjalli ofan Flateyrar með það að markmiði að meta áhrif þeirra á snjósöfnun í upptakasvæði snjóflóða í fjallshlíðinni fyrir neðan, sjá mynd 1. Girðingar hafa einnig verið settar upp við vegi. Ofan Kinnar á Breiðadalshéiðinu voru á sínum tíma snjósöfnunargirðingar til þess að draga úr snjóflóðahættu og girðingar hafa verið settar upp á Klettshálsi til þess að draga úr snjósöfnun á veginum.



■ Mynd 1. Snjósöfnunargirðingar á Eyrarfjalli ofan Flateyrar í apríl 2024. Girðingarnar eru 5 m háar í tveimur 150 m röðum. Áberandi skaflar eru suðvestan við grindurnar. Mynd: Veðurstofa Íslands, Örn Ingólfsson.



Á skíðasvæðum eru víðast langar og margar raðir af snjósöfnunargirðingum settar upp til þess að fanga snjó í skíðabrautir og lyftuspor. Markmiðið er að opna fyrr, fanga snjó sem annars skæfur í burtu og komast í gegnum hlákur án þess að bráðni niður á auða jörð. Þó að þessi notkun hafi ekki það markmið að forða snjó frá ákveðnum svæðum er aðferðin sú sama og mikið til sömu atriði sem þarf að hafa í huga.

Snjósöfnunargirðingar draga úr vindhraða og snjór sest þá til þar sem vindur er hægari. Mesta snjósöfnun er hlémeigin girðinga en einnig safnast snjór áveðurs.

Víða gerist þetta einnig af náttúrulegum aðstæðum og snjór sest til í skjóli af steinum, hryggjum og hæðum. Þetta samspil landslags og vinds er oft flókið og geta skipst á auð jörð þar sem jafnan er hvasst og djúpir skaflar þar sem vindur er hægari. Þetta mynstur er oftast keimlíkt ár eftir ár og staðkunnugir þekkja helstu skafla. Má nefna skaflinn sem myndast innan við Menntaskólann á Ísafirði flesta vetur og skaflinn við göngin í gegnum varnargarðinn í Seljalandsmúla.

Staðsetning

Girðingar virka best séu þær staðsettar þvert á vind og virknin



■ Mynd 2. Tíðni vindáttá á Þverfjalli (til vinstri) og Seljalandsdal við Skíðaskála (til hægri). Einungis skoðuð tímabil þegar snjóar (hiti er undir 1°C og úrkoma mælist á Ísafirði). Veðurstöðin á Þverfjalli mælir vind sem er lítið truflaður af landslagi og sýnir því meginvindátt á svæðinu. Á Seljalandsdal stýrist vindur meira af landslagi. Í norðaustan átt blæs vindur inn með Seljalandshlíð og er austanstæðari á Seljalandsdal en ofan fjallatoppa. Suðvestan átt á Seljalandsdal virðist blása úr fleiri áttum en bara suðvestan. Mynd: Veðurstofa Íslands.

verður sáralítil víki hann meira en 45° frá þveru (Margreth, 2015). Erfitt getur verið að hafa girðingar annað en samsíða skíðaleiðum. Víða getur verið tilefni til að jafnvel breyta skíðaleiðum til þess að geta breytt legu girðinga, sérstaklega þar sem girðingar hafa reynst illa og vandamál eru tíð vegna snjóleysis.

Ríkjandi vindáttir hér á svæðinu eru úr norðaustri og suðvestri, sjá mynd 2. Girðingar ætti þó að staðsetja með tilliti til stað-

bundinna vindstrengja, sem stýrast af landslagi og geta vikið töluvert frá meginvindátt eins og sést á sömu mynd. Sjónrænt mat á legu skafla og reynsla staðkunnugra getur í því sambandi verið gagnlegra en vindmælingar sem frekar lýsa meðalvindstefnu fyrir stærri svæði.


Mesta snjósöfnun við girðingar verður þegar landi hallar niður undan vindi frá girðingum. Mjög dregur úr snjósöfnun halli landi upp undan vindi. Með það í huga er best að staðsetja girðingar á hápunktum, svo sem hryggjum eða hæðum til að fanga sem mestan snjó.

Hönnun snjósöfnunargirðinga

Hæð snjósöfnunargirðinga er sú breyta sem ræður mestu um snjósöfnun við þær. Bæði er lengd og hæð skafls sem girðingin safnar í beinu hlutfalli við hæð girðingar. Á mynd 3 má sjá hvernig skaflar eru við hámarkssöfnun við girðingar. Snjómagnið sem safnast er í beinu sambandi við girðingarhæðina í öðru veldi. Girðing sem er 1,5 m á hæð safnar því rúmlega tvöfalt meira magni af snjó en girðing sem er 1 m á hæð.

Annað sem skiptir máli er lokunarhlutfall girðingar. Lokunarhlutfall er hlutfall flatarmáls rimla og flatarmáls girðingar að undanskildu bili við jörð. Besta hlutfallið, sem safnar mestum snjó, er talið vera 50–60%. (Tablet, 1991; Margreth, 2015 og Norem, 1985). Hærra lokunarhlutfall (minna bil á milli rimla) veldur því að skaflar verða styttri hlémeigin við girðingar og minna lokunarhlutfall (meira bil á milli rimla) veldur því að skaflar verða lægri og flatari (Margreth, 2015).

Mikilvægt þykir að hafa bil milli girðingar og jarðar. Það minnkar líkur á að snjór safnist alveg við girðinguna og að hún fari jafnvel á kaf. Mjög dregur úr virkni girðinga til að safna snjó eftir að þær fara á kaf. Það að dragi úr virkni girðinga er vandamál þar sem koma á í veg fyrir að snjór safnist á vegi og í snjóflóðaupptakasvæði. Það er minna atriði á skíðasvæðum því líklegt er að ekki sé alvarlegur



■ Mynd 3. Skematísk mynd af snjósöfnun við snjósöfnunargirðingar. Athugið að myndin er ekki í réttum skala. Sýnd er hámarkssöfnun í girðingar á sléttu landi þar sem vindur hefur einungis blásið úr einni átt. Á efri myndinni er sýnd snjósöfnun þegar bil er milli girðingar og jarðar en á neðri myndinni er ekkert bil við jörð. Mynd byggð á Tablet (1991) og Margreth (2015).

snjósórtur þegar snjósöfnunargirðingar fara á kaf. En þó getur verið skynsamlegt að fylgja þessari hönnun. Girðingarnar verða þá hærri með sama efnismagni en hæðin er einmitt stærsta breytan í virkni girðinga. Einnig má með bili við jörðu koma í veg fyrir að girðingar skemmist vegna snjóálags eftir að þær fara undir snjó. Best þykir að hafa bil við jörðu um 10% af hæð girðingar en þar sem vindur er hægur og snjósöfnun mikil er mælt með að hafa það allt að 20% af hæð girðingar (Margreth, 2015).

Á mynd 3 er sýnt hvernig skaflar eru við girðingar við hámarks-snjósöfnun. Þessi söfnun er miðuð við slétt land og stöðugan vind úr einni vindátt. Í raunveruleikanum blæs vindur úr ýmsum áttum og landslag hefur áhrif á snjósöfnun. Skaflar geta því orðið nokkuð frábrugðnir þessum myndum. Á skíðasvæðum er snjónum við girðingarnar auk þess ýtt til af snjótroðurum og hann troðinn niður. Ef snjó er ýtt upp að girðingum lokast op við jörð, séu þau til staðar, og söfnunin breytist úr því að vera eins og á efri hluta myndar 3 og í það að vera eins og á neðri hluta myndarinnar.

Í skrifum um snjósöfnunargirðingar er víðast lýst girðingum með láréttum rimlum og lítið fjallað um lóðrétta stafi. Stefan Margreth (2015) skrifar að girðingar með láréttum borðum sýni besta virkni. Sérstaklega

minnki bil milli borða líkur á að girðingar fari alveg á kaf þó að bil við jörðu fyllist.

Samantekt

Þar sem skíðabrautir eru hundruð metra eða margir kílómetrar getur kostnaður fljótt orðið mikill og því mikilvægt að huga að hönnun og efnisvali girðinga. Samspil vinds, landslags og snjósöfnunargirðinga getur verið flókið. Þessi atriði, varðandi hönnun snjósöfnunargirðinga, sem hér hafa verið rakin miðast við kjöraðstæður, slétt land og eina vindátt. Í praxis er best að byggja á þeirri reynslu af girðingum sem þegar hafa verið settar upp en hafa þessar leiðbeiningar í huga þegar settar eru upp nýjar girðingar eða gamlar girðingar eru endurnýjaðar. Þar sem girðingar fara á kaf gæti til dæmis þurft að auka bil við jörðu. Þar sem lítið eða hægt safnast getur verið að girðingar snúi ekki nógu þvert á vind eða að lokunarhlutfallið sé óheppilegt. Þar sem girðingar safna miklu er hægt að hækka þær til þess að safna enn meiri snjó.

Heimildir

- Margreth, Stefan (2015). *Basics for the design of snow drift measures – Grundregeln für das Erstellen von Verwehungsverbauungen*. Schneeverwehungsverbau, Davos.
- Norem, Harald (1985). *Design criteria and design of snow fences*. Annals of Glaciology tbl. 6, bls. 68–70.
- Tablet, Ronald D. (1991). *Snow fence guide*. Strategic Highway research Program. National Research Council, Washington, DC.

SKÍÐAVIKAN

DAGSKRÁ SKÍÐAVIKUNNAR

Miðvikudagur 16. apríl

Skíðasvæðin Opið 10:00-17:00

Setning Skíðavikunnar á Silfurtorgi

17:00 Lúðrasveit, lifandi tónlist og kakósala SFÍ.

Sprettganga í Hafnarstræti

17:30 Skráning á skidavikan@isafjordur.is.

Skírdagur 17. apríl

Skíðasvæðin Opið 10:00-17:00

Fjallaskíðaferð SFÍ

10:00 Fjallaskíðaferð í Botnsdal. Skinnað upp og brunað niður.

Skíðaskottfimi á Seljalandsdal

12:00 Skráning á staðnum.

Föstudagurinn langi 18. apríl

Skíðasvæðin Opið 10:00-17:00

Furðufatadagur í Tungudal

10:00-16:00 Fólk er hvatt til að mæta uppáklætt.

Aldrei fór ég suður

19:00-00:00 Rokkhátíð alþýðunnar.

Laugardagur 19. apríl

Skíðasvæðin Opið 10:00-17:00

Furðufatadagur á Seljalandsdal

11:00-13:00 Fólk er hvatt til að mæta uppáklætt.

Páskaeggjamót HG

11:00-13:00 Páskaeggjamót HG fer fram í Tungudal og Seljalandsdal. Opið öllum börnum fædd 2013 og síðar.

Aldrei fór ég suður

19:00-00:00 Rokkhátíð alþýðunnar.

Páskadagur 20. apríl

Skíðasvæðin Opið 10:00-17:00

Hátíðarmessa í Ísafjarðarkirkju

11:00 Hátíðarmessa og messukaffi.

Annar í páskum 21. apríl

Skíðasvæðin Opið 10:00-17:00



Dagskráin í heild er á skidavikan.is





ALDREI FÓR ÉG SUÐUR 2025 — ÍSAFJÖRÐUR 18.-19. APRÍL



Íratiár

FM Beltast

Apparat
Organ Quartet

Una Torfa

Reykjavík!

Þóipé

✕ Króli

Salóme Katrín

Múv

GOSI

AMON
VINCIT OMNIA

+ SIGURVEGARAR MÚSÍKTILRAUNA 2025

← HÁATORFA
3- | HÁATORFS NACHTIG BAST

← STÓRATORFA
1 | HÁTORFS NACHTIG BAST

← BREIÐATORFA
1 | HÁTORFS NACHTIG BAST

JÓITORFA



Jói Torfa, engum líkur!

Skíðafélag Ísfirðinga hefur í gegn um tíðina notið starfskrafta fjölmargra öflugra einstaklinga sem lyft hafi grettistaki fyrir félagið og skíðaíþróttina. Einn þeirra er Jóhann Króknes Torfason, Jói Torfa. Fulltrúi Skíðablaðsins heimsótti Jóa og Helgu Sigmundsdóttur eiginkonu hans á Álftanesið, þar sem þau nú búa, til að spjalla við hann um hin fjölmörgu störf sem hann hefur sinnt í kring um skíðaíþróttina, aðrar íþróttir á Ísafirði og á landsvísu.

Nestinu mínu stolið

Hver voru þín fyrstu kynni af sjálfboðavinnu fyrir Skíðafélag Ísfirðinga?

„Það var þegar ég og fleiri vorum fengin til að fóttröða skíðabrekkurnar á Seljalandsdal fyrir landsmótið árið 1969, en þá er ég 15 ára,“ segir Jói. „Þetta var sögulegt svona í byrjun og var áður en snjótroðarar koma til okkar en fyrsti troðarinn kom ekki fyrr en átta árum síðar. Þarna var neðri lyftan komin og við gengum, án skíða, ská upp í hvílfina og svo aftur niður þar sem brautin átti að vera en þá var búið að búa til útlínur brautarinnar. Unglingum var smalað saman í þetta og stundum látin boð út ganga daginn áður í skólanum hvort fólk væri til í þetta. Svo var náð í mann um fimm leytið um morguninn. Þetta var bölvæð púl en samt gaman. Það var oft mikill nýr snjór en við gengum í línu, hlið við hlið og kræktum handleggjum saman. Stundum vorum við vaðandi upp í mið læri þar sem mest var og ég man eftir einum lágvöxnum manni sem við bara týndum þarna í brekkunni. Það var verið að gantast með að það þyrfti að teypa á hann stultur svo hann stæði uppúr eins og við hin. Mamma smurði alltaf nesti fyrir mig þegar ég fór upp á Dal en síðan gerðist það, einmitt þarna í fyrstu sjálfboðavinnunni minni, að nestinu mínu var stolið og étið upp til agna, því gleymi ég aldrei,“ segir Jói og brosir.

Við eigum að vera best

Stundaðir þú skíði?

„Nei, ég var aldrei mikið á skíðum sjálfur og keppti aldrei á skíðum. Menntu voru að meiddast mikið á skíðum og fótboltinn var alltaf númer eitt hjá mér. Eftir að hafa spilað fótbolta með meistaraflokki



Í sókn í leik með ÍBÍ.

ÍBÍ fór ég til Reykjavíkur árið 1970 og spilaði með meistaraflokkum KR og Víkings. Síðan fluttum við fjölskyldan til Svíþjóðar árið 1979 og þar spilaði ég með ÍK Heid í tvör ár. Þá þjálfaði ég síðar meistaraflokk kvenna og karla í fótbolta og líka yngri flokka á Ísafirði og allan minn þjálfaraferil vann ég í sjálfboðavinnu.

En þrátt fyrir að vera ekki mikið á skíðum sjálfur nýtti ég mér það að æfa og þjálfra með skíðafólkinu, þrekið og svoleiðis. Ég hafði alltaf mikinn áhuga og metnað fyrir því að skíðasvæðið okkar á Ísafirði liti vel út og væri öruggt. Erlendis var ég búin að sjá hvernig skíðasvæðin geta litið vel út og var alla tíð bundinn því að svæðið okkar liti eins vel út og hægt væri. Mér finnst að við eigum bara að vera best á þessu sviði af því við getum það og höfum til þess þekkinguna. Ég vann mjög oft við skíðamót; svigmót, göngumót og



Jói fagnar því að Vestri vann sér sæti í Bestu deildinni á Laugardalsvelli í lok september 2023.

Fossavatnsgönguna. Það var við allskonar undirbúning og svo var ég mjög oft einn þeirra sem vann á marksvæðinu og þá sem markstjóri.“

Mesta puðið að fara upp í Hrossaskál

Hvenær varst þú forstöðumaður skíðasvæða Ísafjarðarbæjar?

„Fyrri tímabilið sem ég var forstöðumaður var á árunum 1982 til 1985. Þá var skíðasvæðið á Seljalandsdal bæði svig- og göngusvæði. Þar voru tvær lyftur, Gullhólslyftan og efri lyftan. Þá var líka kominn troðari sem nýttist vel bæði fyrir svigsvæðið og til að troða göngubrautir. Mót voru reglulega haldin, bæði heimamót og líka bikar- og



Forstöðumaður skíðasvæðisins árið 1983, á göngu við startið í Gullhólslyftunni sem var neðri lyftan á Seljalandsdal.

Úr sjó í sár



Sáraroð Kerecis er framleitt á Ísafirði, þar sem þekking og samfélagsleg verðmæti verða til með sjálfbærri nýtingu á hráefni sem áður var fargað.

KERECIS ÍSAFIRÐI
SUNDSTRÆTI 38
400 ÍSAFJÖRÐUR
+354 419 8000

KERECIS REYKJAVÍK
LAUGAVEGUR 77
101 REYKJAVÍK
+354 419 8000

KERECIS GERMANY
AM NEUMARKT 42,
22041 HAMBURG
+49 40 228 980 98

KERECIS BANDARÍKIN
2101 WILSON BLVD
SUITE 900
ARLINGTON
VIRGINIA 22201
+1 703 287 8752

kerecis

[KERECIS.COM](https://www.kerecis.com)

landsmót þar sem keppendur komu víða að. Á þessum árum voru veturnir frekar snjóþungir og var því oft mikil vinna að troða brekkurnar. Við þurftum líka stundum að moka undan lyftunum, sérstaklega var það við efri lyftuna og mesta þudið var að fara upp í Hrossaskál og moka þar undan efsta staurnum, sem var á brún skálarinnar

Veturinn 1985 til 1986 var ég smíðakennari í Grunnskólanum á Ísafirði og við fjölskyldan rákum líka Vitann, sjoppuna, á árunum 1985 til 1996. Það kom þannig til að pabbi keypti húsnæðið sem var um 30 fermetrar og spurði okkur systkinin hvort við vildum nýta okkur það á einhvern hátt. Þetta var mikil vinna og lenti oft á Helgu að sjá um sjoppuna því ég var þá búin að koma mér í eitthvað annað bras.“



Á tali við Pernillu Wiberg frá Svíþjóð sem kom og keppti á alþjóðlegu móti á Seljalandsdal í apríl 1992. Pernilla var þá bæði heims- og Ólympíumeistari í stórsvigi og vann mótið með yfirburðum. Jói talar reiprennandi sænsku eftir atvinnumannsferil sinn í Svíþjóð og hefur væntanlega átt gott spjall við þessa heimsþekktu skíðakonu.

Dalirnir tveir

Jói tók aftur við sem forstöðumaður skíðasvæðisins árið 2000 og var til 2006 en fimm árin þar á undan var hann yfir Íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar. „Þegar ég tek við skíðasvæðinu aftur er Tungudalur orðinn að svígskiðasvæði en gönguskiðasvæðið er á Seljalandsdal, sem sagt Dalirnir tveir,“ segir hann. „Snjóflóðið sem féll í 5. apríl 1994 tók allar lyfturnar og tilheyrandi mannvirki á Seljalandsdal og á endanum var svígskiðasvæðið fært niður í Tungudal. Það svæði opnaði formlega 2. apríl 1995.“

Þarna árið 2000 eru tvær skíðalyftur í Tungudal, sem sagt barnalyftan og Sandfellslyftan. Og neðri hæð skíðaskálans, troðarageymslan, er komin. Þetta var allt að mestu reist fyrir tryggingafé sem fékkst fyrir lyfturnar sem eyðilögðust í snjóflóðum og fé og stuðningi frá Ísafjarðarbæ. Efri hluti skíðaskálans var síðan kláraður. Ég vann mikið við þennan skála í sjálfböðavinnu

Heimsóknir í samgönguráðuneytið

Sturla Böðvarsson var samgönguráðherra fyrir Sjálfstæðisflokkinn á árunum 1999 til 2007. Jakob Falur Garðarsson var aðstoðarmaður hans frá 1999 til 2003 og segir svo frá heimsókn Jóa í ráðuneytið árið 2000.

„Það var oft skemmtilegt að taka á móti Jóa Torfa þegar hann kom að hitta Sturlu. Hann skynjaði strax eldmóðinn sem brann í Jóa fyrir samfélagið fyrir vestan og því að bæta aðstöðuna á skíðasvæði Ísafirðinga. Sturlu langaði til að verða við ósk Jóa en þá stóð fyrir dyrum umfangsmikil vegagerð á Miðfellssvæðinu og pening vantaði til þess. Á þessum tíma vildu stjórnmöld auðvitað gera vel við Vestfirðinga sem voru í sárum eftir þær hörmungar sem snjóflóðin ollu árin 1994 og 1995. En það verður að segjast eins og er að það var ekki alveg sjálfgefið að allur þessi peningur kæmi úr ríkissjóði og þurfti að hliðra til svo af því gæti orðið. En Sturlu tókst það og með sanni má segja að Jói sé þyngdar sinnar virði í gulli fyrir samfélagið á Ísafirði,“ segir Jakob.

Jónas Gunnlaugsson var með Jóa í einni heimsókn í samgönguráðuneytið til Sturlu þegar þeir voru að undirbúa Skíðamót Íslands á Ísafirði árið 2004:

„Jói er engum líkur í vinnu sem þessari og við fórum í samgönguráðuneytið til að hitta á Sturlu en þeir Jói hafa lengi verið ágætis mátar. Jói gekk rösklega inn og bauð góðan daginn, spurði um Sturlu sem þá var upptekinn. Þá spurði Jói: „er ekki kaffi á könnunni“ og gekk beint inn á kaffistofuna. Ég trítlaði á eftir eins og lítill sveitadrengrur. Svo var drukkið kaffi og spjallað við starfsfólkið á meðan við biðum eftir ráðherra. Svo kom svo og spjallaði við okkur. Mér fannst þetta óborganlegt hvernig hann gekk inn í ráðuneytið eins og heimavanur maður og sýnir kannski hversu hispurslaut Jói gekk til verks,“ segir Jónas.

þlj



Alþjóðlegt mót á Seljalandsdal árið 1991, frá vinstri, starfsmennirnir Gunnar Arnórsson og Hermann Hákonarson og í mótsnefnd Bergmann Ólafsson, Jóhann Torfason og Geir Sigurðsson.

ásamt mörgum öðrum úr Foreldrafélagi skíðabarna sem áður höfðu innréttað Harðarskálann eftir að hann var færður niður á lyftusvæðið á Seljalandsdal. Þessir skálar eru mikið afrek og vinnan við þá var krefjandi. En það var duglegt fólk á bak við þá vinnu alla. Fremstur í flokki var skipstjórinn á skipinu hann Palli Stull, svo voru það ásamt mér, Láki Baxter, Einar Valur og Beggi Óla sem sá um rafmagnið. Margir aðrir komu líka að verkinu á mismunandi hátt.

Það er Foreldrafélag skíðabarna sem á og rekur skálann í Tungudal en er með samning við Ísafjarðarbæ um afnot af honum yfir vetrartímam. Fram að því



Þáskar 1994, Jói markstjóri á Garþamóti.

að efri hæð skíðaskálans var tilbúin var notast við timburhús sem áður hafði staðið á lóð Grunnskólans og nýtt fyrir smíðakennslu. Húsið var síðan flutt upp á Seljalandsdal þar sem duglegt skíðagöngufólk endurbyggði það og stækkaði. Hefur það nýst vel á göngusvæðinu sem aðstaða fyrir göngufólk og þar er líka aðstaða fyrir tímatöku og geymslu á tækjum og búnaði. Eftir endurbyggingu var húsið nefnt Skíðheimar eins og fyrri skíðaskálar á Seljalandsdal,“ segir Jói.



Parki
INTERIORS

Heildarlausnir fyrir
heimilið á einum stað

SAFNAHÚSIÐ EYRARTÚNI

GPS: 66° 4,577'N, 23° 7,583'W

**OPIÐ
OPEN**

VIRKA DAGA KL. 12.00 - 18.00

LAUGARDAGA KL. 13.00 - 16.00

MONDAY - FRIDAY 12.00 - 18.00

SATURDAY 13.00 - 16.00

ÍSAFJÖRÐUR CULTURE HOUSE

BÓKASAFN LIBRARY

SKJALASAFN ARCHIVES

LJÓSMYNDASAFN PHOTO ARCHIVE

LISTASAFN ART EXHIBITION



Kengboginn öxull

Komu einhvern tímann upp vandræði með lyfturnar?

„Já það voru mörg ævintýrin og svo komu vond verður og allskonar bilanir. Við lentum í leiðinda óhöppum í tvígang með lyfturnar í aðdraganda Skíðavikunnar. En Skíðavikan kallaði alltaf á mikla vinnu hjá mér, ég vann oft frá fjögur að morgni til miðnættis og svaf lítið í viku. Bara eins og gengur og gerist á vertíð. Bæði óhöppin urðu upp á Seljalandsdal og það fyrri var þegar skíðamaður fór of langt í efri lyftunni, sleppti ekki stönginni, fór hringinn í endastöðinni og reif hana niður. Þar með lagðist allur vírinn niður og lyftan varð óvirk. Seinna óhappið varð þegar skíðamaður sleppti stönginni á óheppilegum stað. Þá skaut hún upp í vírinn við einn lyftustaurinn og öxull í hjóli kengbognaði og vírinn skemmdist. Engin öxull var til í bænum og sólarhringur í að lyftan átti að vera tilbúin. Þá hringdi ég í Jóa Þorsteins og hann og annar maður smíðuðu nýjan öxul og allt tilheyrandi. Mokaður var skurður í snjóinn, vírinn tekinn niður og segl sett yfir og þannig bjuggum við til 70 - 80 metra löng göng til að vinna í. Þeir í Netagerðinni komu morguninn eftir, löguðu vírinn og splæstu hann saman. Á sama tíma luku Jói Þorsteins og félagi hans við viðgerð á hjólinu. Allt komst í lag klukkutíma fyrir opnun og það var mikill léttir.

Almennt var mjög gott að leita til fólks í bænum með allskonar erindi þegar mikið lá við. Margir finir strákar unnu á snjótroðurunum og samstarfið við þá gekk mjög vel, sem og við aðra starfsmenn skíðasvæðisins.“

Fékk þá hjálp sem þurfti

„Þegar ég var að skipuleggja skíðasvæðin heimsótti ég aðallega þrjá



Félagar á góðri stund, f.v. Bergmann Ólafsson, Gunnar Arnórsson, Páll Sturlaugsson og Jóhann Torfason.

Jónas Gunnlaugsson vann mikið með Jóa að ýmsum verkefnum fyrir Skíðafélagið á árum áður

Hvernig var að vinna með Jóa?

„Það var gott og mjög gaman að vinna með honum, enda vil ég meina að við höfum unnið vel saman meðan við vorum í stjórn Skíðafélagsins. Ég var formaður félagsins um tíma (2000 til 2005) og þá vann hann mjög þétt með mér, vann rosalega mikla vinnu en tók aldrei fram fyrir hendurnar á mér. Það var svo mikill eldmóður í honum og hann væri í dag titlaður frumkvöðull því hann var hafsjór af hugmyndum. Hann fór í verkin og kláraði þau, var aldrei ókurteis en gat verið ýtinn, en ekki frekur,“ segir Jónas.

Kanntu góða sögu af Jóa?

„Já, mér dettur í hug ein góð saga sem lýsir Jóa vel, en þannig var að við þurftum að færa alpagreinar á Skíðamóti Íslands (Landsmótinu) árið 2004 til Siglufjarðar vegna snjóleysis hjá okkur,“ segir Jónas. „Við vorum 20 manna hópur sem fórum norður og fullur flutningabíll af búnaði og við höldum mótið með góðri aðstoð Siglufirðinga. Hitastigið á skíðasvæðinu var þannig að brautirnar voru mjög mjúkar og grófst mikið og saltið, sem venjulega er notað til að frysta þær, var ekki að virka. Þá þurfti að finna Kjarna, sem er túnaburður og var stundum notaður til að frysta brautirnar en hann var ekki til á Siglufirði. Þá fór Jói niður í ráðhús Siglufirðinga, hringdi ófá símtöl út um allt í leit að Kjarna. Hann fannst að lokum á sveitabæ í Skagafirði og Jói náði líka að útvega vörubíl með krana til að flytja áburðinn til Siglufjarðar. Þarna var hann algjörlega í essinu sínu að redda hlutunum.“

Önnur saga af Jóa:

„Fyrir Skíðamót Íslands (Landsmótið) á Ísafirði árið 2004 fórum við Jói til Reykjavíkur í vikutíma og vorum að safna auglýsingum og afla styrktaraðila fyrir Skíðafélagið og Skíðamótið. Jói var fararstjórinn en tengslanet hans var stórt. Það voru aðallega spottuð út fyrirtæki þar sem einhver Ísfirðingur var ráðandi eða KR-ingur eða Sjálfstæðismaður. Og þetta gekk bara vel. Nema að okkur hafði ekki gengið vel að ná í mann (KR-ing) sem vann hjá Eurocard. Þeir höfðu verið styrktaraðilar Skíðafélagsins í einhvern tíma og við vildum halda þeim og helst að fá styrkinn hækkaðann. Jói var búinn að hringja nokkrum sinnum alla vikuna og alltaf var sagt að maðurinn væri ekki við. Síðasta daginn okkar í borginni keyrum við að fyrirtækinu, sitjum í bílnum fyrir utan og Jói reynir enn einu sinni að ná símasambandi við manninn. Það er svarað og Jói spyr um hann og segir við stúlkuna: „segðu að þetta sé Jói Torfa og þurfi nauðsynlega að ná í hann“. „Já, ég skal athuga það,“ segir stúlkann og það er eitthvað hik í rödd hennar. Svo líður og bíður. Að lokum kemur hún aftur í símann og segir: „hann hætti að vinna hérna fyrir tveimur árum.“ „Þá var okkur öllum lokið og við höldum heim,“ segir Jónas brosandi.

blj

staði á Ísafirði og það voru; Vegagerðin, Tækniþjónusta Vestfjarða og Netagerðin. Þar fékk maður góðan stuðning í ákveðna hluti og það skiptir svo miklu máli að standa ekki í þessu einn heldur vera með þrýsting víðar að og ég nýtti mér það. Og held ég hafi náð ágætis árangri að hafa notfært mér áhugamál þessara manna sem ég fór til og það stóð aldrei á því að ég fékk þá hjálp sem þurfti. Til dæmis fékk ég aflagða toghlera hjá útgerðinni, rör hjá Vegagerðinni og fleirum.

Þetta var notað þegar við vorum að brúa læki á gönguskíðasvæðinu með rörum og toghlerum. Eins vorum við að setja



HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR

Sjálfbær neiting sjávarauðlinda



Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf – 450 4600 – www.frosti.is



efla.is | efla@efla.is

SUNDLAUG BOLUNGARVÍKUR

OPNUNARTÍMAR

Skírdagur	10-18
Föstudagurinn langi	10-18
Laugardagur	10-18
Páskadagur	10-18
Annar í páskum	10-18



BOLUNGARVÍK

VERIÐ VELKOMIN



upp snjógirðingar með venjulegum girðingarstaurum þó ég hefði frekar viljað nota rafmags- og símastaura í verkið," segir Jói.

Fótboltamaður með ekkert vit á skíðum

Árið 2000 var ráðist í miklar framkvæmdir við um tveggja kílómetra langan vegslóða frá gönguskíðasvæðinu inn með Háubrunn að Sandfellslyftunni og áfram upp á Hauganesið. Vegslóðin var lagður til að auðvelda uppsetningu á og viðhald við Miðfellslyftuna sem í framhaldinu var reist og tekin í notkun í mars 2001.

Hvernig fékkst peningur í vegslóðann?

„Ég fór beint í að finna fjármagn og svo framkvæma. Stundum var sagt um mig að ég væri fótboltamaður með ekkert vit á skíðum en það pirraði mig ekkert og ég eflidist frekar við það og fór í að útvega pening, enda snýst þetta alltaf á endanum um peninga. Svæðið var í fjárhagsvanda alla tíð. Því miður þá fannst mér Ísafjarðarbær ekkert vera að flýta sér að aðstoða okkur með þetta, en bærinn borgaði alltaf rekstur svæðisins. Pólitík er pólitík og svo kemur landsmálapólitíkin inni þetta og ég átti ágætis félag þar, Sturlu Böðvarsson sem var samgöngumálaráðherra þarna árið 2000 þegar ég var nýtekinn við svæðinu aftur. Hann og reyndar fleiri í stjórnkerfinu studdu okkur dyggilega. Við Sturla ræddum á okkar fundum búsetuskilyrði og æskulýðsstarf og hann spurði mig: „Jói, er fólkíð í bænum sátt við það sem þú ert að gera?“ Ég svaraði „ég er ekki dómbær á það en ég get sagt að það er hljómgrunnur fyrir því“ og hann náði að útvega peninginn sem þurfti. Oft var sagt í gamni að betra væri að hafa helvítið hann Jóa með sér en á móti“ segir Jói og brosir. „Peningurinn frá ríkinu var notaður til að gera slóðann frá gönguskíðasvæðinu inn með Háubrunn og áfram upp á Hauganesið. Ísafjarðarbær borgaði það sem uppá vantaði.“

Hvernig gekk að koma lyftunni upp?

„Þegar kom að því að reisa Miðfellslyftuna var kominn snjór og ástæðan var sú að það var búið að búa til brautina alla leið, búið að móta hana áður en lyftan kom enda er eina vitið að gera það þannig. Járnaþinging fyrir steypu undirstöðustólpana var útbúin hjá Eiríki og Einari Val inn í húsi og það var mikill munur að geta gert það innvið og svo var hún bara hífið í mótin á staðnum. Við vorum líka búnir að búa



Hér sést jarðýtán hans Guðmundar Þorvaldssonar en aftan á hana festi hann krana sem kom að góðum notum við uppsetningu Miðfellslyftunnar.



Jói, Palli Stull og Björn Drengsson við lyftuhúsið við Miðfellslyftuna en í húsinu er líka aðstaða fyrir tímátöku

til steypumótin og koma með þau tilbúin á svæðið og voru þau líka hífið á réttan stað. Við hífingarnar var notaður krani sem var festur aftan á jarðýtu sem Guðmundur Þorvaldsson átti og hafði útbúið á þennan hátt. Ýtan ásamt beltagröfu var síðan notuð til að koma steypubílum að undirstöðunum og steypan látin renna beint í mótin eftir rennum sem við vorum búnir að útbúa. Þetta sparaði mikla peninga því það hefði verið svo dýrt að fá þyrlu í verkið. Svona nýttum við alla þá þekkingu og tæki sem við áttum til heima.

Við gátum notað nánast allt efni úr lyftunni sem eyðilagðist á Seljalandsdal í snjóflóði árið 1999 í nýju lyftuna, t.d. staura, hjól og endabúnað. En kaupa þurfti efni í staur númer 7 og eitthvað smávegis annað. Við notuðum kranann aftan á ýtunni til að reisa staurana og troðarann notuðum við til að þjappa snjónum svo betra væri að komast um svæðið. Svo vorum við með beltagröfu til aðstoðar og til að halda við ýtuna í mesta hallanum. Þetta var í fyrsta skiptið á Íslandi sem þessi aðferð var notuð og útlendingar sem komu til að setja upp lyftuna heilluðust af þessu hjá okkur. Svo kostaði þetta okkur líka minni pening að nota þessa aðferð. Þannig að segja má að öll vinnan við uppsetningu lyftunnar hafi gengið mjög vel.

Lyftuhúsið fyrir Miðfellið var smíðað á planinu hjá Eiríki og Einari Val. Láki



Þorlákur Baxter að steypa undirstöður Miðfellslyftunnar, rétt sést í Palla Stull bak við steypusílóði.



Verið að steypa undirstöður fyrir neðri endastöð Miðfellslyftunnar, auk Jóa eru á myndinni Sveinn Ingi og Palli.

stjórnaði smíðinni og ég vann líka að henni. Síðan fluttu Laugi og Gummi sonur hans húsið á kranabílnum sínum og hífðu það á sinn stað.

Við fengum oft að nýta aðstöðuna hjá Eiríki og Einari Val og nutum velvilja margra fyrirtækja á svæðinu við þessar framkvæmdir. Margt var skaffað og kostnaðurinn var mjög lágur miðað við lyftumannvirki af þessari stærð.”

Þú varst með hugmynd um að lengja lyftuna, hvernig var hún?

„Ég vildi búa til 1680 metra langa löglega risasvígbraut norðan megin við Miðfellslyftuna, með því að lengja lyftuna upp á Hauganesið. Þetta var teiknað upp, við prófuðum að troða brautina og það kom eftirlitsmaður erlendis frá til að skoða þetta með mér og Adda Kalla. Þetta hefði orðið lengsta keppnisbrautin á landinu. Taka hefði þurft eitthvað af stórgryti úr brautinni og kannski eitthvað að sprengja og setja rör í snjótroðarabreidd yfir brekkuna frá Sandfellslyftunni. En af þessu varð ekki.“

Sneri mér aftur að fótboltanum

Að sögn Jóa stóð Skíðafélagið fyrir ýmiskonar framkvæmdum bæði í Tungudal og Seljalandsdal árið 2006 til að bæta aðstöðuna og hreinlætisaðstaða var sett upp í lyftuhúsið við Miðfellslyftuna. „En þetta ár hætti ég á skíðasvæðinu og sneri mér aftur að fótboltanum,” segir hann. „Og ég gerðist stjórnarformaður félags sem vann að og

Útilíf

Höldum áfram og njótum
þess að komast alltaf lengra.

ATOMIC

LEKI

THE
NORTH
FACE

ROSSIGNOL



SALOMON

sá um uppbyggingu á áhorfendastúku á fótboltasvæðinu á Torfnesi. Stúkan var tekin í notkun árið 2013 og hún er mikil lyftistöng fyrir völlinn og alla aðstöðu þar. Ég starfaði síðan á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í 17 ár, frá 2006 til 2023, sem innkaupastjóri.“

Vil helst ekki vera formaður

Jói tók sæti í varastjórn KSÍ árið 2012 og gegndi því starfi í mörg ár ásamt því að vera formaður unglínganefndar. „Ég var líka í stjórn Skíðafélagsins á Ísafirði, en ég er ekki mikið fyrir að vera formaður í félögum,“ segir hann. „Formenn eru duglegir að móta stefnur og skipuleggja hlutina en þeir þurfa auðvitað að leggja öll mál fyrir stjórn en ég vil hafa meira frjálsræði til að gera hlutina á minn hátt. En þó var ég formaður Boltafélags Ísafjarðar (BÍ88) og Íþróttabandalags Ísafjarðar (ÍBÍ). Meðan ég var formaður ÍBÍ tók ég mér frí úr vinnu í þrjú mánuði og gekk í það að gera girðingu kringum allan fótoltavöllinn á Torfnesi. Þá var uppi sérstakur tími því skuldastaðan var erfið og ég tók að mér að afla peninga. Ég fékk Pétur Guðmundsson til að mála auglýsingar allan hringinn, tók inn á það góðan pening og kom út í stórum plús.“

Fékk tvo heiðurskrossa sama daginn

Jóhann Torfason var sæmdur æðstu heiðurskrossum Íþrótt- og ólympíu-sambands Íslands og Knattspyrnu-sambands Íslands á ársþingi KSÍ sem var haldið á Ísafirði 25. febrúar 2023. Viðurkenningarnar fékk hann fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu íþróttahreyfingarinnar á Vestfjörðum, knattspyrnuhreyfingarinnar og ÍSÍ.

„Ég hef ekkert verið að eltaf við medaljur en fékk svo tvær sama daginn,“ segir Jói.

„Mér brá mikið og varð alveg orðlaus. En



Helga og Jói fagna heiðurskrossunum.



Marksvæðið á Skíðamóti Íslands í Tungudal árið 1995.

Skíðamót Íslands á Ísafirði árið 1999

Um mánaðarmótin mars – apríl árið 1999 var haldið á Ísafirði Skíðamót Íslands (Shell-mótið) og samhliða því alþjóðlegt FIS mót. Mótahaldið stóð yfir í viku og síðan tók hin sívinsæla Skíðavika við. Fjöldi fólks sótti Ísafjörð heim þessa daga og mikil ánægja var með mótin og allar aðstæður. Keppt var í alpagreinum og skídagöngu. Göngubrautirnar lágu um Tungudal sem þá var frekar trjálaus eftir snjóflóðið sem féll fimm árum fyrr og aðstaða fyrir göngufólk og starfsfólk var í Gólfskálanum. Jói Torfa var á þessum tíma varaformaður Skíðafélagsins og Jónas Gunnlaugsson meðstjórnandi. Stór og samheldinn hópur fólks vann að mótinu.

Jónas segir frá:

„Jói var aðal hugmyndafræðingurinn á bak við umgjörð mótsins og þarna var skíðamótahaldið lyft á nýjan stall, sem við reyndum svo að viðhalda næstu árin. Drifkrafturinn í Jóa var ótrúlegur og hann óð í verkin. Það var fjárfest í helling af nýjum búnaði fyrir mótahald sem að hluta er enn í notkun þó hann sé orðinn lúinn. Umgjörð mótsins var mjög góð, auglýsingar þöktu allan hringinn í markinu og framhliðina á startinu. Við vorum mjög heppin með veðrið, það var bjart, frost og logn þannig að við gátum tjaldað öllu til og engar auglýsingarnar fuku. Það spilaði einhvernveginn allt með okkur en þetta var mjög mikil vinna en líka mjög skemmtileg enda samheldinn hópur sem kom að framkvæmd mótsins.“

Jói Torfa segir frá:

„Þetta mót er eitt það flottasta sem hefur verið haldið. Það gekk allt upp, umgjörðin var góð, skipulagið líka og veðurlíðan spillti ekki fyrir. Stór hópur fólks vann við mótið og hver og einn skilaði sínu hlutverki mjög vel. Eins og ég hef alltaf sagt þá vildi ég að svæðið okkar liti sem best út, við vissum að við gætum haldið mót af þessu tagi. Premur vikum fyrir mótið héldum við fund á Ísafirði með fulltrúum stærstu styrktaraðilanna en einn þeirra var Flugfélagið sem flaug styrktaraðilum á fundinn. Þar sem veðrið var gott tóku þeir útsýnishring yfir bæina í kring. Skrifað var undir samninga og síðan boðið til veislu í Tjörhúsinu.“

Jónas segir frá:

„Skíðafélagið samdi við Ríkissjónvarpið um að sýna frá Skíðamótinu í sérstökum þætti að kvöldi hvers keppnisdags. Ekki var það svo að félagið hafi getað selt þeim sýningarréttinn heldur þurfti félagið að greiða þeim fyrir að taka upp og sýna frá mótinu. Fengnir voru fjórir stórir styrktaraðilar til að dekkja þann kostnað. Sjónvarpsútsendingarnar auðvelduðu okkur aftur á móti að ná í fleiri góða styrktaraðila að Skíðamótinu og fyrir Skíðafélagið. Það var ein ástæða þess að mótið hét Shell Skíðamót Íslands og ég man að það voru ekki allir ánægðir með þessa nafngift en hvað gera menn ekki í hinum harða heimi fjáröflunar fyrir íþróttahreyfinguna. Í öllum þessum samningum var Jói fremstur meðal jafningja.“

blj

Þetta er mikill heiður og ég er stoltur og ánægður að hafa fengið þessar viðurkenningar.

Ég á það skuldlaust að hafa unnið að því að Ferðasjóður Íþróttafélaga var stofnaður og hann hefur frá árinu 2007 fengið árlegt framlag á fjárlögum Alþingis. Þangað geta Íþrótt- og ungmennafélög í landinu sótt um styrki vegna keppnisferða innanlands. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands sér um sjóðinn. Ferðasjóðurinn nýtist öllum enda hefur mér alltaf fundist mikilvægt að vinna fyrir alla í samfélaginu, óháð því hvaða íþrótt þeir stunda. Mér er sama í hvaða skúffu þetta fer, ef það nýtist samfélaginu.“

KSÍ

Á vef KSÍ segir í tilefni af afhendingu heiðurskrossins:

„Jói Torfa hefur um langt árabil starfað að framgangi íslenskrar knattspyrnu, hefur átt stóran þátt í uppbyggingu knattspyrnustarfs á Ísafirði, verið ötull baráttumaður fyrir knattspyrnuna á landsbyggðinni, og lagt mikið af mörkum á vettvangi KSÍ, sér í lagi þegar kemur að verkefnum yngri landsliða. Jóhann Torfason hefur gert knattspyrnu-íþróttinni ómetanlegt gagn.“

Hvernig var að starfa fyrir KSÍ?

„Það var oft mjög gefandi starf sem bættist bara ofan á annað sem ég var að gera og unnið í sjálfböðavinnu. Þótt ég væri í varastjórn KSÍ sat ég alla fundi því yfirmenn vildu hafa þetta sem eina heild. Vinna mín sem formaður unglínganefndar fólst í því að sjá um yngri landsliðin, 15 til 19 ára. Við fórum í fjölmargar ferðir innanlands og utan og það kallaði því oft á langa fjarveru að heiman og þá reyndi á Helgu að halda hlutum á floti heima á meðan. Þetta var skemmtilegt en líka erfiitt og það fylgir því mikil ábyrgð að sjá um allan undirbúning, skipulag og fararstjórn en oft voru þetta 30 manna hópar. Mót yngri landsliða voru haldin í löndum eins og Rúmeníu, Úkraínu, Moldavíu, Rússlandi og Litháen sem dæmi og það var mjög áhugavert að koma þangað. Þessi lönd voru valin til að byggja undir fótoltann hjá þeim og styrkja þannig íþróttina. Við fórum líka margoift til Norðurlandanna á mót og til æfinga. Ein ferð er alveg ógleymanleg en það var þegar ég fór með í æfingaferð með aðallandsliðinu til Kína árið 2016.“

Börnin skapa framtíðina

Hvernig sérðu framtíð skíðasvæðanna á Ísafirði fyrir þér?



Fjölskyldan samankomin, Pálína, Helga, Matthías, Jói og Torfi.

„Maður veit auðvitað ekki hvað verður en mér finnst mikilvægt að skapa sem bestar aðstæður fyrir börnin og unga fólkið, þau skapa framtíðina. Skipuleggjendur svæðanna verða að spyrja sig: hvernig sjáum við þetta fyrir okkur í framtíðinni?“

Skíðaganga er íþrótt sem margir stunda og það er jákvætt. Mér finnst göngu-svæðið á Seljalandsdal flott svæði og það á að styðja vel við það. Varðandi alpagreinarnar, sem eru meira mitt áhugamál, þá viljum við auðvitað skapa góða aðstöðu fyrir alla og geta haldið stór mót sem bragur er af. Tungudalurinn er mjög glæsilegt svæði með fínum skíðaskála.

Kemst ekkert áfram í Kringlunni

Þú hlýtur að hafa kynnst mörgu fólki á þinni leið?

„Já, félagslegi þátturinn hefur gefið okkur Helgu og fjölskyldunni mikið og mörg góð vinasambönd hafa orðið til. Skíðafólkið og annað íþróttafólk kom oft heim til okkar og við höfum kynnst fjölmörgum um allt land enda ef ég fer í Kringluna kemst ég ekkert áfram því þar hitti ég marga sem ég þekki og þarf auðvitað að spjalla, við litla hrifningu barnanna,“ segir Jói og hlær. „Ég hef starfað í allskonar hreyfingum svo sem Frímúrurum og Rótarý og hef fundið hvað vinátta sem stofnað var til fyrir áratugum getur verið sterk þó svo maður sé ekki í daglegum samskiptum við allt það fólk. Við nokkrir góðir félagar vorum í félagsskap sem hét „Remember félagið“ því þegar við hittumst sögðum við alltaf: „manstu eftir þessu og þessu...“ og Dídí systir bjó meira að segja til hálsmen handa okkur, svona hálfmána úr gulli.“

Lykillinn að öllu er gott bakland

Helga og Jói eiga þrjú börn, Torfi er fæddur 1977, Pálína 1981 og Matthías 1994. Barnabörnin eru sjö og það áttunda á leiðinni.

„Torfi var efnilegur á skíðum á sínum tíma, Pálína var meira í fótoltta og Matthías á skíðum en þó meira í fótolttanum,“ segir Jói. „Það var endalaust foreldrastarf í kring um íþróttir barnanna eins og fólk þekkir og við fórum oft með Matthíasi á Andrésar Andar leikanna, sem var mjög skemmtilegt.“

Eitt er öruggt og er lykillinn að öllu hjá mér, það er hvað ég hef gott fólk á bak við mig. Foreldrar mínir, Sigríður Króknes og Torfi Björnsson, sem bæði eru nú látin, studdu mig alla tíð og auðvitað konan mín hún Helga, börnin okkar og fleiri. Helga hefur stutt allar þær vitleysistillögur sem koma upp hjá mér og hún hefur alltaf verið tilbúin að stökkva til og þetta er ekki hægt nema hafa gott bakland. Það hefur oft verið mikið í gangi hjá mér í einu í sambandi við þetta allt saman, fótoltann, skíðasvæðið, félagsstórfin, þjálfarastarfið og allar ferðirnar.

Ég greindist með Parkinson sjúkdómminn fyrir 5 árum en stunda sund og golf til að halda mér við en golf hef ég spilað lengi. Held ótraudur áfram og er alltaf að hugsa um að skora í mörkin en vera ekki alltaf að verjast,“ segir Jói að lokum.

Skíðablaðið þakkar Jóa og Helgu kærlega fyrir móttökurnar á Álfanesi og óskar þeim og fjölskyldunni velfarnaðar.

Viðtalið tók: Þórdís Lilja Jensdóttir

Fjölskyldufaðirinn Jói Torfa

Jói Torfa, er eins og vatnið og finnur sér sinn farveg. Maður sem sinnir eins tímafrekum félagsstörfum og pabbi hefur gert alla tíð er eins og náttúruafl og það besta sem fjölskylda getur gert er að gefa náttúrunni lausan tauminn og frelsi til að knýja allt það afl sem einstaklingurinn býr yfir. Þar kemur mamma sterk inn og við krakkarnir fæðumst bara inn í þetta. Fyrst við Torfi og svo kemur örverpið Matthías þegar við erum 13 og 17 ára. Það er ekkert alveg einfalt að lýsa því hvernig er að eiga pabba sem gerir ekki bara allt fyrir sitt fólk heldur alla hina líka. Stutta svarið er að það safnast ekki margar kúlur inn á bankabækur samfélagslegra frumkvöðla og sjálfboðaliða. Auðæfin og ríkidæmi verður til í augum þakklætis, virðingu og vináttu.

Afi og amma lýstu því oft fyrir mér að pabbi var með mikla orku, framkvæmdaglaður og forvitinn. Hann hafði víst fylgst með steypuvinnu um sumar og þegar amma og afi voru eitthvað sein á fætur um áramótin 1956/1957 þá hafði okkar maður sturtað öllum þurrefnum sem til voru í eldhúsinu á eldhúsgólfið og því næst skipaði hann Dídí, systur sinni, rúmlega ársgamallri að bleyta í og stóð hann svo í stórræðum á eldhúsgólfinu að hræra í „steypunni“. Þannig að hann byrjaði ansi snemma að fá hugmyndir og framkvæma þær líka.

Skíðaiðkun var meiri hjá bræðrum mínum en mér. Pabbi var tvisvar forstöðumaður skíðasvæðisins, Torfi er því með annan fótinn á dalnum og græddi líka á því að það snjóaði enn ágætlega á veturna þegar hann var að alast upp. Ég var minna fyrir það að renna mér en kunni ágætlega við hin og þessi störf sem tengdust dalnum. Skrifa dagsetningar á lyftumiðana og afhenda járnin sem dagpassarnir voru límdir á. Hlaupa með skilaboð milli húsa og lyftuvarða o.þ.h. Svo komu árin sem pabbi var ekki forstöðumaður en þá vann hann við ýmis mót fyrir Skíðafélagið og eins við uppbyggingu skíðamannvirkja á Seljalandsdal þegar nýju lyftunum var komið upp að stærstum hluta í sjálfboðavinnu. Pabbi tók þátt í þeirri vinnu eins og margir aðrir íþróttaáhugamenn.

Eftir snjóflóðið í apríl 1994 tók við ofboðsleg enduruppbygging í sjálfboðavinnu og mikil vinna í að koma aftur upp aðstöðu, allt hafði farið nema einhverjir staurar og stoðir. Hugdjarfir menn og konur drifin áfram að þeirri sýn að gera Seljalandsdal aftur að þeirri skíðaparadís sem hún var, voru búin að leggja allt að veði í fimm ár þegar eina nótt í mars 1999 hrundi allt á ný. Flóð hafði enn á ný eyðilagt öll mannvirki. Einhver hefði gefist upp en ég hreinlega veit ekki úr hverju þessi hópur fólks var gerður því áfram var unnið að lausnum. Pabbi var s.s. á fullu að græja skíðalyftur aftur og aftur frá 1994 til rúmlega 2001 þegar ég spilaði mig upp yngri flokka og mfl. í fótbolta.

Pabbi tekur aftur við sem forstöðumaður skíðasvæðisins í kringum 2000 og í hönd fer uppbygging enn á ný og nú tóku nýjar áskoranir snjóleysis við. Samhliða þessu var allskonar félagsstörf og alpanefndin hin besta sem hélt stórkostlegt Skíðamót Íslands 1999 með útseldum sjónvarpsrétti, líka alþjóðleg mót með erlendum stórstjörnum og okkar eigin Adda Kalla, Ástu Halldórs og Siggu Láka. Og þetta er bara tengt skíðaiþróttinni. Þar einhvern veginn inn á milli var



Fjölskyldan árið 1998, Torfi, Jói heldur á Matthíasi, Helga og Pálína.

farið í golf, þjálfað ýmsa flokka í fótbolta, stofnað knattspyrnufélag, unnið að uppbyggingu á Torfnesi aftur og aftur. Tekið á mót í þróttamönnum héðan og þaðan af landinu og jafnvel frá stríðshrjádum löndum fyrrum Júgóslavíu. Svo var oft reiknað, teiknað, spögglerað og framkvæmt.

Mikið var horft á íþróttir í sjónvarpinu en í þá daga var línuleg dagskrá. Þá var hámhörft á Ólympíuleika, Evrópu- og heimsmeistaramót, íþróttabætti, jafnvel skákmót ef það var á dagskrá. Á sunnudögum var svo horft á ítalska boltann með Valtý Birni sem lýsanda. Að sjálfsögðu smituðumst við börnin af þessu öllu. Ég hélt mig við boltann en bræðurnir reyndu fyrir sér í bæði fótbolta og á skíðum. Eflaust voru þetta óvenjulegar heimilisaðstæður sem við ólumst upp í en þetta var bara okkar veruleiki. Við þekktum ekki annað en að það var bara allt í gangi. Bæði vorum við í sjoppurekstri og svo allt hitt. Við vissum því ekki í raun hvað „venjulegt“ heimilislíf var fyrr en við sjálf stofnuðum heimili.

Godsagnir eiga það sammerkt að ryðja veginn fyrir aðra eða leggja sitt af mörkum til að auðga líf annarra. Það hefur pabbi gert og gott betur. Við sem höfum verið honum samferða í gegnum árin getum þakkað fyrir ef við náum að gera brot af því sem hann hefur afrekað í leik og starfi. Rúmlega sjötugur núna og afrekaskráin er eitthvað sem a.m.k. tíu sjötugir einstaklingar gætu skipt sín á milli og gengið vel sáttrir um.

Það var okkur fjölskyldunni áfall þegar við hægt og rólega áttuðum okkur á því að „parkinn“ (Parkinsonsveiki) hefði tekið sér pláss í pabba. Parkinn rænir einstaklingum hægt og rólega. Við erum heppinn að hann er enn líkamlega sterkur og lyf hafa hjálpað. Þau eru dugleg mamma og pabbi að lifa lífinu og njóta og bæði með það í huga að nota tímann vel.

Pálína Jóhannsdóttir

30 ára afmæli

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir & Gísli Gunnlaugsson

Skíðasvæðið í Tungudal og á Seljalandsdal var formlega opnað í apríl árið 1995 og eru nú 30 ár síðan að það var tekið í notkun. Af því tilefni eru hér nokkrar myndir frá vinnu við uppsetningu lyftanna. Einnig er sett fram tímalína þar sem dregin eru fram helstu atriðin í því ferli sem fór af stað eftir snjóflóðið þann 5. apríl 1994 og lauk rétt ári síðar þann 2. apríl 1995

Tímalína

5. apríl 1994 (þriðjudagur eftir páska)

Snjóflóð fellur á Seljalandsdal og niður í Tungudal. Flóðið eyðilagði skíðalyftur og skíðaskála á Seljalandsdal og 40 sumarhústaði í Tungudal.

14. apríl 1994

Bæjarstjórn Ísafjarðar skipar nefnd til að kanna uppbyggingu nýs skíðasvæðis. Nefndarmenn eru Eyjólfur Bjarnason, Hafsteinn Sigurðsson og Þröstur Jóhannesson.

15. maí 1994

Nefnd um uppbyggingu skíðasvæðis fyrir Ísfirðinga, leggur fram áfangaskýrslu þar sem fram kemur að skoðaðir voru eftirfarandi staðir: Engidalur, Tungudalur, Breiðadalur, Botnsdalur og Seljalandsdalur.

Niðurstaðan var að Tungudalur og Seljalandsdalur væru best fallnir fyrir nýtt skíðasvæði og á einfaldan hátt mætti tengja þessa tvo staði saman. Nefndin lagði til að byggðar yrðu þrjár afkastamiklar skíðalyftur, tvær á Seljalandsdal og ein í Tungudal. Einnig ferjulyfta upp á Sandfell og barnalyftur bæði á Seljalandsdal og í Tungudal, alls sex lyftur.

Framkvæmdaáætlun gerði ráð fyrir að sumarið 1994 yrðu settar upp þrjár lyftur, tvær í Tungudal



■ Unnið við Sandfellslyftuna.

(Sandfellslyftan og barnalyftan) og ein á Seljalandsdal. Í seinni áfanga, sumarið 1995, yrði á Seljalandsdal sett upp barnalyfta og önnur afkastamikil lyfta á Seljalandsdal og ferjulyfta á Sandfell til að tengja saman dalina tvo.

Meðal ástæðna fyrir þessu staðarvali kom fram að hvergi annars staðar en í dölunum tveimur var hægt að hafa bæði svig og gönguskiði út frá sama punktinum.



■ Steypuvinna við Sandfellslyftuna.



■ Steypan hífð upp í brekkuna fyrir undirstöður Sandfellslyftu.



■ Staur í Sandfellslyftunni reistur.

Janúar

Febrúar

Mars

Apríl

Maí

Júní

Júlí

Ágúst

1994

Snjóflóð fellur, bæjarstjórn skipar nefnd

Nefnd skilar áfangaskýrslu

Tilboð berast frá þremur aðilum í lyftur



■ Endastöð Sandfellslyftunnar að rísa.



■ Jójóin á leið á vírinn.



■ Jójó hengd á Sandfellslyftuna.



■ Vírinn í Sandfellslyftunni splæstur saman.



■ Sandfellslyftan klár, áhugasamir iðkendur bíða spenntir.



■ Sigurður Jónsson, Búbbi, fer vígsluferðina 2.apríl 1995.

21. júní 1994

Tilboð bárust frá þremur aðilum í lyftur á nýtt skíðasvæði; Ístraktor (Leitner lyftur), Doppelmayr og Alpinservice á Íslandi. Síðar var ákveðið að taka tilboði Ístraktors og setja upp Leitner lyftur á nýtt skíðasvæði.

17. september 1994

Davíð Oddsson þáverandi forsætisráðherra tók fyrstu skóflustungu að nýju skíðasvæði Ísfirðinga.

19. október 1994

Lokið við að steypa undirstöður undir lyftu á Seljalandsdal. Framundan var að steypa undirstöður lyftanna í Tungudal.

1. febrúar 1995

Búið að reisa alla staura við lyfturnar nema endastöð á lyftu á Sandfelli. Ekki var búið að setja vírana á lyfturnar og öll rafmagnsvinna var eftir.

2. apríl 1995

Hið nýja skíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal og á Seljalandsdal var formlega tekið í notkun að viðstöddu fjölmenni. Hafði þá í tvígang þurft að fresta formlegri opnun svæðisins vegna óveðurs og mikilla snjóá. Það var Sigurður Jónsson, Búbbi prentari, sem sem ræsti lyfturnar. Að loknu stuttu ávarpi fór hann síðan fyrstu formlegu ferðina með barnalyftunni í Tungudal.



■ Árni Traustason mælir út fyrir nýrri lyftu á Seljalandsdal með dyggri aðstoð Þrastar Jóhannessonar og Eiríks Kristóferssonar.



■ Unnið við undirstöður nýrrar lyftu á Seljalandsdal.



■ Nýja lyftan á Seljalandsdal tilbúin til notkunar.

Ljósmyndir: Ljósmyndasafn Ísafjarðar. Heimildir: Skýrslur og fundargerðir í fórum Ísafjarðarbæjar. Héraðsfréttablaðin Bæjarins besta og Vestfirska fréttablaðið.

September Október Nóvember Desember Janúar Febrúar Mars Apríl



Davíð Oddsson tekur fyrstu skóflustungu að nýju skíðasvæði

Lokið við að steypa undirstöður á Seljalandsdal

1995

Búið að reisa alla staura í Sandfelli

Opnun skíðasvæðis á Seljalandsdal og Tungudal



Tilbúin í fjallið?

**Pop-up tilboðsmarkaður verður
14.-21. apríl á Hafnarstræti 8**

Gott vöruúrval og tilboð á 66°Norður
vörum í Djúpinu verslun, Pollgötu 4

Verslaðu á [66north.is](https://www.66north.is)
Fylgdu okkur [@66north](https://www.instagram.com/66north)



Kristján Rafn Guðmundsson

28. maí 1944 – 5. apríl 2024

Kristján Rafn Guðmundsson, Kitti Muggs, var skíðamaður af hinni miklu skíðaætt af Grænagarði og steig fyrst á skíði fjögurra ára gamall. Eftir það varð ekki aftur snúið.

Keppni, æfingar og ýmislegt skíðastúss var stór hluti af lífi hans alla tíð síðan.

Kitti átti glæstan feril sem afreksmaður í skíðagöngu. Hann vann Íslandsmeistaratitla og keppti oft erlendis, meðal annars eitthvað um tuttugu sinnum í frægasta skíðagöngumóti heims, Vasagöngunni í Svíþjóð. Hann þótti harður í horn að taka sem keppnismaður en var jafnframt hlýr og gláðsinna og alveg sérlega fús til að rétta yngra skíðafólki hjálparhönd. Eftir að keppnisferlinum var að mestu lokið fór Kitti ótal ferðir sem fararstjóri og áburðarmeistari á skíðagöngumót innan lands og utan enda stóð honum líklega enginn frammar í þeirri oft flóknu kúntst að smyrja gönguskiði rétt. Þegar aðstæður voru snúnar, til dæmis gamall snjór og nýr í bland, snjócoma við frostmark eða færið í brautinni breytilegt, þá var okkar maður í essinu sínu og átti það til að draga fram fágæta áburði úr sínum stóru og oft yfirfullu áburðartöskum. Það var einstök gæfa fyrir ungt skíðagöngufólk að fá að njóta aðstoðar Kitta í þessum eignum.

Kitti á skráðar 42 Fossavatnsgöngur og hafa einungis fimm menn gengið hana oftar. Enginn hefur þó unnið gönguna oftar, eða 12 sinnum, og eru þá ekki teknir með sigrar í aldursflokkum sem voru miklu fleiri. Þessar 42 göngur eru þó sennilega vanmat. Þannig gekk hann gönguna árið 1956, þá aðeins 12 ára gamall, gegn öllum aldursreglum. Tími hans var af þessum sökum ekki skráður og því telst sú ganga ekki með í opinberum bókum göngunnar, né aðrar þær göngur sem hann gekk undir aldri.



Kitti gekk á skíðum daglega þegar færi gafst, og oft tvisvar á dag, og kom þar sér vel að lengi var hann ökukennari og gat stjórnað vinnutímanum að nokkru sjálfur. Þegar menn horfðu úr bænum uppi á dal á kvöldin og sáu brautaljósin kveikt, þá sögðu þeir alltaf „jæja, Kitti er farinn á skíði“. Hann gekk á skíðum langt fram eftir aldri og eins lengi og hann gat, en að lokum fór sjónin helst að trufla hann og þurfti hann þá að fækka skíðaferðunum.

Hann fór ítarlega yfir skíðaferil sinn í Skíðablaðinu árið 2008 sem hægt er

að lesa á vef Skíðafélags Ísfirðinga. Í öðru viðtali, frá árinu 2001 sagði hann meðal annars: „Ég held að allir hafi gott af því að æfa gönguskiði eða íþróttir yfirleitt. Menn verða að prófa að verða almennilega þreyttir. Það skiptir miklu máli í lífinu að kunna að gera eitthvað eftir að maður er orðinn þreyttur, sama hvort það er á líkamlega eða andlega sviðinu. Það er eitt af því sem maður lærir af því að ganga á skíðum.“

Takk fyrir alla kílómetrana.

*Stjórn Skíðafélags Ísfirðinga
Stjórn Fossavatnsgöngunnar*

Í minningu Kitta Muggs stofnaði fjölskylda hans styktarsjóð ísfirskra skíðabarna sem er í umsjón stjórnar SFÍ, kt. 590269-2479, bnr. 0556-14-628.

Nokkrar glósur um skíðagöngubúnað

Gylfi Ólafsson

Víða er hægt að finna leiðbeiningar um það hvernig best er að búa sig til útivistar við ýmsar aðstæður. Þannig er ekki gefin út bók um útivist án þess að fremst sé kafli um að best sé að vera í mörgum þunnum lögum frekar en fáum þykkum. Í þessari grein sleppi ég því, og vil

frekar setja fram nokkrar stakar glósur um það hvernig mér finnst best að haga mínum búnaði, með áherslu á skíðagöngu, en eins og kemur fram í greininni á það auðvitað snertifleti við aðra útivist.

Hlaupajakki

Mjúkir fóðrarið brúsar

Tvennt af öllu

Nú kann það auðvitað að hljóma sem brúðl, en í útivistarbúnaði sem maður notar reglulega er best að eiga tvennt af öllu. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Ef hlutur bilar, finnst ekki, er í láni eða þvotti, á það ekki að taka tíma að finna annað eða valda því að ferðinni sé aflýst. Tvennt getur líka verið misþykkt eða ólíkt á einhvern annan máta. Oft er það auðvitað þannig að annað eintakið er uppáhalds, en varaeintakið þarf samt að vera til reiðu. Hjá mér nær þetta til skóa, alls fatnaðar og jafnvel niður í úrin, þar sem þau eru til eilífra vandræða með hleðslu og uppfærslu og annað. Margur skíðabúnaður nýtist einnig til sumarútivistar af ýmsu tagi, og því er það á endanum þannig að búnaður „klárast“ í þeim skilningi að honum er slitið með heiðarlegri notkun. Eldri búnaður getur svo í mörgum tilfellum verið varabúnaður.

Mittistöskur


Mittistöskur eru einstaklega þénugar til skíðaferða og útivistar. Þær eru jafnan litlar og hamlar því að maður taki óþarfa með sér í fjallið og hægt að hafa þær á sér út í gegnum braut í stað þess að skilja dótið eftir við upphaf brautar. Stærð töskunnar skiptir auðvitað máli, en nokkrir lítrar duga langt, jafnvel upp í sex lítra, eins og Talon 6 frá Osprey sem ég fékk mér í jólagjöf og er haganlega hönnuð. Mittistöskur hafa þann kost umfram bakpoka að hægt er að hafa þær á sér þegar farið er í og úr jakka.

Hvað er í töskunni? Bíllyklar og sími. Drykkur í mjúkum brúsa (sjá neðar), skíðaáburður (ef við á), snickers (geymist lengi, er orkumikið og þakast vel), buff, aukavettlingar og jakki.

Skóhlífar

Hlaupajakki

Til eru óteljandi gerðir af jökkum af mismunandi þykkum og gerðum. Sumir eru vindheldir en aðrir síður. Eftir því sem þeir verða vindheldari hleypa þeir verr frá sér svita (þrátt fyrir fögur fyrirheit um enn meiri og tæknilegri öndun), svo á endanum felst valið oft í fórnarskiptum.



Eitt sem hefur reynst mér vel er að nota skænisþykkann hlaupajakka, minn heitir Kársnes frá 66°N. Hann er hvorki hlýr né sérstaklega regnheldur, en getur brotið vind glettilega vel. Hann er lauflettur og samankuðlaður er hann á stærð við nokiafarsíma eða buff. Ef veður er tvísýnt eða kalt, er hægt að byrja í jakkanum á meðan hjartað er að taka við sér, og stinga honum svo niður í mittistöskuna eftir tíu mínútna puð. Gramm fyrir gramm og rúmsentímeter fyrir rúmsentímeter eru hlaupajakki og buff bestu flíkurnar til að hafa meðferðis að sumri og vetri til að vera við öllu búinn.

Skóhlífar

Ég er þeirrar náttúru að mér

verður fljótt kalt á tánum. Ein lausn er auðvitað að kaupa stóra skó og fara í þykkari sokka, en önnur sem ég hef komist upp á lag með er að kaupa skóhlífar. Madshus selur tvær tegundir, regnheldar annars vegar og hlýjar hins vegar, og gildir einu hvora týpuna maður notar. Það eru vissulega ókostir að skóhlífar safna snjó undir ilina og slitna fremur hratt, en þegar hinn valkosturinn er nístandi sársauki þegar sturtuvatnið kemst í snertingu við frosnar tærnar, er valið augljóst.

Mjúkir fóðraðir brúsar

Þegar mjúku brúsarnir komu fyrir nokkrum árum síðan fannst mér þeir frekar ólystugir og líklegir til að leka. Hvorugt er vandamál og eru þeir heppilegir af ýmsum

ástæðum. Fyrir það fyrsta pakkast þeir vel þar sem þeir laga sig að því plássi sem þeir hafa. Um mjúka brúsa getur maður spekinglega sagt að það minnki sem af er tekið, eða drukkið í þessu tilviki. Þá gutlar ekki í þeim, en gutl getur verið drjúgt pirrandi. Salomon selur einnig léttfóðraða mjúka brúsa, sem hægja á því að drykkurinn kólni. Ég set slettum af Ribena og heitt vatn, og þá á ég volgan drykk út æfinguna jafnvel þó það sé kalt í veðri. Óþarfi er að nefna að langar slöngur úr poka eru óheppilegar í skíðagöngu og þó það frjósi ekki í þeim kólnar drykkurinn hratt.



DOKKAN BRUGGHÚS MEIRA EN BARA BJÓR!

Við erum þekkt fyrir handverksbjórinn okkar,
en vissir þú að Dokkan Brugghús er líka veitingastaður?

Við bjóðum upp á fjölbreyttan og spennandi matseðil
með réttum sem passa fullkomlega
með bjórnum okkar.

Skoðaðu matseðilinn okkar hér:
dokkanbrugghus.is



Komdu í heimsókn og upplifðu góða stemningu,
ljúffengan mat og framúrskarandi bjór!

Sindragata 14
sími: 8626793

HAMPIÐJAN

Sími 530 3300
www.hampidjan.is



kubbur.is

Krullan
HÁRSNYRTISTOFA
842 2255

SNYRTISTOFAN

Lena

775 4881

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar Efnilegasti íþróttamaður Ísafjarðarbæjar

- 2024 -

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar og efnilegasti íþróttamaður ársins 2024 koma báðir úr röðum ísfirskra skíðamanna.

Dagur Benediktsson var útnefndur Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar og Eyþór Freyr Árnason efnilegasti íþróttamaður ársins.



Dagur Benediktsson

Dagur Benediktsson er fremsti skíðagöngumaður landsins. Hann er í A-landsliði Íslands í skíðagöngu og keppir fyrir Íslands hönd á mörgum helstu stórmótum heimsins. Dagur ólst upp í Skíðafélagi Ísfirðinga en æfir nú og keppir um allan heim fyrir hönd Ísfirðinga. Hann er mikill keppnismaður, samviskusamur og skipulagður íþróttamaður sem leggur gríðarlega vinnu í að ná árangri. Dagur ver yfir 700 klukkustundum á ári í æfingar, sem jafngildir um tveimur klukkustundum á dag, alla daga ársins. Þrátt fyrir aga og vinnusemi finnur hann alltaf leið til að gera æfingarnar skemmtilegar, sem æfingafélagar hans kunna vel að meta.

Dagur er mikilvæg fyrirmynd fyrir yngri iðkendur Skíðafélags Ísfirðinga og gefur mikið af sér þegar hann er heima á Ísafirði.

Á síðasta keppnistímabili náði Dagur sínum besta árangri á sterku móti í Idre í Svíþjóð, þar sem hann fékk bestu FIS punkta ferilsins og endaði í 26. sæti í 20 km göngu með frjálsri aðferð. Hann var fyrsti Íslendingurinn í mark í Fossavatnsgöngunni og hápunktur ársins var þegar hann varð fimmfaldur Íslandsmeistari á Seljalandsdal síðasta vetur.



Eyþór Freyr Árnason

Eyþór Freyr Árnason er mikill íþróttamaður sem leggur mikinn metnað í það sem hann er að gera. Hann hefur æft af kappi bæði skíðagöngu og fótbolta með góðum árangri. Með mikilli vinnusemi og skýrum markmiðum hefur Eyþór vaxið með hverjum vetrinum sem skilaði honum mjög góðum árangri síðastliðinn keppnisvetur.

Hann varð bikarmeistari SKÍ í 15 -16 ára flokki sem er samanlagður árangur úr bikarmótum vetrarins 2023. Hann var yfirleitt í öðru sæti í sprettgöngunum en vann allar lengri göngur sem hann tók þátt í. Hann varð tvöfaldur Íslandsmeistari í 15 -16 ára flokki bæði í hefðbundinni og frjálsri aðferð.

Eyþór er sterk fyrirmynd sem sýnir gott fordæmi og verður virkilega spennandi að fylgjast með honum í framtíðinni.



www.istaekni.com



LOGN

restaurant & bar

HELGI BJÖRNS OG 2 RÉTTA

Skírdagur 17. apríl 2025





Ótakmarkað net og farsími
frá **11.980.-**



VÍS

Við tryggjum hraða tjónaþjónustu

Þú tryggir frammistöðu sem seint gleymist

Algeng tjón má oftast **afgreiða á skjótan og skilvirkan hátt**. Í sumum tilvikum líða meira að segja aðeins nokkrar mínútur frá því að tjón er tilkynnt þar til bætur fást greiddar. Tjón á heyrnartólum, sínum og gleraugum eru dæmi um slík tilfelli – enda hlutir sem óþægilegt er að vera án í lengri tíma.

